



Afbrot á höfuðborgarsvæðinu 2007

Dreifing tilkynntra brota eftir svæðum og reynsla íbúa af lögreglu, öryggi og afbrotum



Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu

Afbrot á höfuðborgarsvæðinu 2007

Dreifing tilkynntra brota eftir svæðum og
reynsla íbúa af lögreglu, öryggi og
afbrotum

Upplýsinga- og áætlanadeild 2008

Snorri Örn Árnason
Rannveig Þórisdóttir

©2008 Höfundar

ISBN: 978-9979-9841-1-5

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, nema að fengnu skriflegu leyfi höfunda og útgefenda.

Útgefandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

www.lrh.is

Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanadeild

Snorri Örn Árnason

Rannveig Þórisdóttir

Myndir: Júlíus Sigurjónsson, Foto.is sf.

Prentun: Oddi

Reykjavík, desember 2008

Inngangur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Önnur skýrsla lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um afbrot innan umdæmisins lítur nú dagsins ljós. Sú samantekt sem hér er að finna um dreifingu tilkynntra brota eftir svæðum og reynslu íbúa af lögreglu, öryggi og afbrotum er embættinu og starfsmönnum þess mikilvæg. Það felst meðal annars í því að á þessum grunni er með skýrum hætti unnt að meta árangur af starfi lögreglunnar og hvort markmið hennar um aukið öryggi og aukna öryggistilfinningu hafa náðst.

Skýrsla þessi er ekki síður mikilvæg fyrir alla samstarfsaðila lögreglunnar sem í samvinnu sín á milli vinna að því að auka öryggi og efla velferð þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á nána og góða samvinnu við lykilaðila í skólum, hjá



félagsmála- og barnaverndaryfirvöldum, stjórnendum sveitarfélaga, íbúa- og foreldrasamtök og raunar alla þá aðila sem láta sig aukið öryggi og öryggistilfinningu íbúa varða. Virk upplýsingamiðlun af hálfu lögreglu um stöðu og þróun mála á hverju svæði skiptir höfuðmáli í slíku samstarfi.

Í skýrslunni er að finna athyglisverðar upplýsingar um þróun mála og hvernig afbrot dreifðust á höfuðborgarsvæðinu árið 2007, í samanburði við meðaltal þriggja ára þar á undan. Skráðum afbrotum á höfuðborgarsvæðinu fækkar á árinu 2007 á sama tíma og íbúum á svæðinu hefur fjölgað um tæp fimm prósent. Stafar þessi fækkun fyrst og fremst af mikilli fækkun auðgunarbrotu, þar á meðal innbrota. Ofbeldisbrotum fjölgar hins vegar nokkuð og er það áhyggjuefni. Upplýsingar í skýrslunni leiða það einnig í ljós að stór hluti ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu er framinn á

afmörkuðum stað og á afmörkuðum tíma, það er í tengslum við skemmtanalíf í miðborg Reykjavíkur að næturlagi um helgar. Fram kemur einnig í skýrslunni að það dregur úr öryggistilfinningu íbúa höfuðborgarsvæðisins í miðborginni. Farið hefur verið nákvæmlega yfir fyrirliggjandi upplýsingar um þessa stöðu og hefur lögreglan mótað tillögur sem sendar hafa verið borgaryfirvöldum sem miða að því að fækka ofbeldisbrotum og öðrum brotum í miðborginni. Með sama hætti hefur verið og verður unnið að úrbótum og afbrotavörnum annars staðar á höfuðborgarsvæðinu, allt með það að markmiði að draga úr afbrotum, auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Desember 2008

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Efnisyfirlit

HELSTU NIÐURSTÖÐUR	9
INNGANGUR.....	12
AÐFERDIR OG GÖGN	14
RANNSÓKN Á VIÐHORFUM TIL LÖGREGLU OG REYNSLU AF AFBROTUM.....	15
AFBROT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU	17
HEILDARFJÖLDI BROTA.....	18
AUÐGUNARBROT.....	21
KYNFERÐISBROT	24
OFBELDISBROT	25
EIGNASPJÖLL.....	27
FÍKNIEFNABROT.....	28
ÖNNUR BROT	32
AFBROT EFTIR SVÆÐUM.....	34
VESTURBÆR	35
MIÐBORGIN	37
HLÍÐAR.....	40
LAUGARDALUR.....	42
HÁALEITI	45
ÁRBÆR, GRAFARHOLT OG NORÐLINGAHOLT	47
BREIÐHOLT	50
GRAFARVOGUR	52
SELTJARNARNES	54
MOSFELLSBÆR - KJALARNES - KJÓS.....	56
KÓPAVOGUR.....	58
GARÐABÆR.....	60
ÁLFTANES	62
HAFNARFJÖRÐUR	64
REYNSLA ÍBÚA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS AF LÖGREGLU OG AFBROTUM.....	67
HVÆÐA BROT TELUR ÞÚ VERA MESTA VANDAMÁLID Í ÞÍNU HVERFI?.....	67
VIÐHORF TIL STARFA LÖGREGLU OG AÐGENGI AÐ HENNI	69
ÓTTI VIÐ AFBROT	73
REYNSLA AF AFBROTUM.....	79
SAMANBURÐUR MILLI SVÆÐA.....	84
OFBELDISBROT	85

FÍKNIEFNABROT.....	87
INNBRÖT	89
EIGNASPJÖLL.....	91
NYTJASTULDUR.....	93
SAMANTEKT	95
HEIMILDIR	97
VIÐAUKI.....	98

Helstu niðurstöður

Í þessari skýrslu eru skoðaðar ólíkar upplýsingar um afbrot á höfuðborgarsvæðinu, viðhorf íbúa til lögreglu og mat þeirra á eigin öryggi. Annars vegar byggir skýrslan á opinberum gögnum um fjölda afbrota eftir svæðum á árunum 2005, 2006 og 2007, íbúafjölda, tekjum og félagslegum stuðningi. Hins vegar er byggt á niðurstöðum spurningalistakönnunar sem gerð var meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins á vormánuðum 2008 þar sem spurt var um reynslu af afbrotum, viðhorf til lögreglu og mat á eigin öryggi. Hér eru helstu niðurstöður skýrslunnar dregnar saman.

- Kópavogur var fjölmennasta svæði umdæmisins árið 2007, en mest varð fjölgun íbúa í Hafnarfirði ef litið er til síðustu þriggja ára á undan.
- Þegar tekin eru saman ofbeldisbrot, fíkniefnabrot, auðgunarbrot, eignaspjöll, nytjastuldir og kynferðisbrot árið 2007 sést að skráður fjöldi þessara brota var 9.763 sem er rúmlega fimm prósentustiga fækkun ef litið er til meðalfjölda brota árin 2004-2006.
- Tilkynnt var um 925 ofbeldisbrot árið 2007 eða 47 á hverja 10.000 íbúa sem er tæplega 17 prósentustiga fækkun frá meðaltali síðustu þriggja ára á undan.
 - Af ofbeldisbrotum eru minniháttar líkamsárásir (217. gr. alm. hgl.) tíðastar og fer þeim fjölgandi á meðan meiriháttar eða stórfelldum líkamsárásum (218. gr. alm. hgl.) fækkar.
- Tilkynningum um kynferðisbrot fjölgaði milli ára eða um tæp 24 prósentustig miðað við 10.000 íbúa.
 - Skráð voru 197 kynferðisbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2007, þar af 67 nauðganir og 66 brot gegn börnum sem er veruleg aukning frá árunum á undan.
- Tilkynntum auðgunarbrotum fækkaði um 20 prósentustig og þar af innbrotum um tæp 8 prósentustig.

- Af þeim brotum sem skoðuð eru hér eru auðgunarbrot tíðustu brotin, tilkynnt var um 4.882 slík brot árið 2007. Þar af eru þjófnaðir og innbrot algengust.
- Tilkynnt var um 2.132 eignaspjöll árið 2007 sem er lítilleg aukning ef litið er til meðaltals áranna 2004-2006. Aðallega er um að ræða minniháttar skemmdarverk eins og rúðubrot og veggjakrot.
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skráði 1.286 fíkniefnabrot árið 2007 en langmestur fjöldi þessara brota er varsla eða meðferð ávana- og fíkniefna.
- Mun fleiri brot eiga sér stað í Miðborg Reykjavíkur en á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Mest varð fjölgun brota í Hlíðum árið 2007 þegar litið er til meðalfjölda brota árin 2004-2006, en mest fækkun á brotum var í Breiðholti.

◇ ◇ ◇

- Aðspurðir um hvaða afbrot þátttakendur teldu mesta vandamálið í sínu hverfi nefndu 32 prósent innbrot, 30 prósent nefndu umferðarlagabrot og 17 prósent eignaspjöll.
- Þátttakendum fannst lögregla almennt skila góðu starfi í sínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum. Þátttakendur búsettir í Hafnarfirði og Breiðholti voru einna ánægðastir með störf lögreglunnar í sínu hverfi en þátttakendur búsettir í Mosfellsbæ, Kjalarnesi, Garðabæ og Álftanesi voru hinsvegar ekki eins ánægðir og aðrir með störf lögreglu á sínu svæði.
- Tæplega 68 prósent þeirra sem tóku afstöðu töldu lögregluna aðgengilega í sínu hverfi/svæði en rúm 32 prósent töldu hana óaðgengilega.
- Mikill meirihluti þátttakenda, eða tæplega 90 prósent, sagðist mjög eða frekar öruggur einn á gangi að næturlagi í sínu hverfi.

- Meira en helmingur þátttakenda sagðist mjög eða frekar óöruggur einn á gangi í miðborg Reykjavíkur. Karlar töldu sig vera mun öruggari en konur við fyrrgreindar aðstæður og yngri aldurshóparnir töldu sig vera öruggari en þeir sem eldri eru.
- Um 68 prósent þátttakenda sögðust aldrei hafa verið í þannig aðstæðum að þeir hefðu talið líkur á að þeir yrðu fyrir afbroti árið 2007. Af þeim 32 prósentum sem sögðust einhvern tímann hafa verið í þannig aðstæðum nefndu 44 prósent að þeir hafi óttast að verða fyrir innbroti.
- Um fjórðungur þátttakenda hafði orðið fyrir innbroti/þjófnaði, ofbeldi eða eignaspjöllum árið 2007.
- Flestir höfðu orðið fyrir eignaskemmdum eða rúmlega 18 prósent þátttakenda.
- Meira en helmingur þátttakenda sagðist hafa tilkynnt innbrotið til lögreglu en 34 prósent eignaspjöllin.
- Í heildina hafði ríflega þriðjungur þátttakenda samskipti við lögregluna á síðustu 12 mánuðum. Flestir höfðu samband við lögreglu vegna umferðarlagabrota.

Inngangur

Í borgarsamfélaginu dreifast afbrot ekki með tilviljanakenndum hætti, heldur er það þekkt að ýmsir þættir í samfélagsgerðinni hafa þar áhrif á. Rannsóknir hafa sýnt að tengsl eru á milli afbrotatíðni og fátæktar eða bágrar félags- og efnahagslegrar stöðu, búsetumyndun hverfa, svo sem flutninga í og úr hverfum, hlutfalls innflytjenda og hlutfalls einstæðra foreldra (Shaw og McKey, 1942; Margrét Valdimarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir, 2008). Þá hafa rannsóknir sýnt að tíðni afbrota í hverfum tengist ótta íbúa við afbrot og öryggistilfinningu þeirra í eigin hverfi (Rannveig Þórisdóttir, 2003).

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur það meðal annars að markmiði í starfi sínu að fækka afbrotum og auka öryggistilfinningu íbúa. Í þessari skýrslu er fjallað um tíðni afbrota á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 og einnig um niðurstöður könnunar á viðhorfi íbúa höfuðborgarinnar til lögreglu, reynslu af afbrotum og öryggistilfinningu þeirra. Þetta er í annað sinn sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gefur út tölfræðiskýrslu í þessari mynd, en markmiðið með henni er m.a. að halda árlega skrá yfir afbrot á höfuðborgarsvæðinu, mæla þróun í afbrotatíðni milli ára, gera samanburð eftir svæðum og tengja umfjöllunina við lýðfræðilegar upplýsingar og niðurstöður könnunar um upplifun íbúa af afbrotum.

Í skýrslunni frá 2007 kom m.a. fram að sterk tengsl voru milli dreifingar afbrota og íbúafjölda á svæðum höfuðborgarsvæðisins að Miðborginni frátalinni. Miðborgin var jafnframt það hverfi sem skar sig úr hvað varðar tíðni brota, en 18 prósent hegningarlaga brota áttu sér stað þar. Fram kom að Miðborgin og Breiðholt voru þau svæði sem höfðu hvað lægstar meðalatvinnutekjur og nutu hlutfallslega mestrar félagslegrar aðstoðar, en um þriðjungur allra afbrota á höfuðborgarsvæðinu var framinn á þessum tveimur svæðum árið 2006. Þá komu fram tengsl á milli fjölda hegningarlaga brota í hverfi og fjölda þeirra sem segjast mjög óöruggir þar. Loks kom fram að tæplega 18 prósent þátttakenda viðhorfskönnunarinnar höfðu orðið fyrir afbroti, flestir höfðu orðið fyrir eignaskemmdum og innbrotum eða þjófnum, en meira en helmingur þeirra sagðist hafa tilkynnt brotið til lögreglu (Rannveig Þórisdóttir og Benjamín Gíslason, 2007).

Í þessari skýrslu eru skoðuð brot eftir vettvangi í nokkrum brotaflokkum innan umdæmis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2007 með samanburði við árin á undan og viðhorf og reynslu íbúa umdæmisins af afbrotum. Í fyrsta hluta skýrslunnar er fjallað um þróun í helstu brotaflokkum á höfuðborgarsvæðinu í heild. Í öðrum hluta skýrslunnar er fjallað um stöðu brota innan hvers hverfis, félagslega stöðu og íbúafjölda. Í þriðja hluta er fjallað um niðurstöður rannsókna á viðhorfum og reynslu íbúa höfuðborgarsvæðisins af afbrotum. Skoðaðar eru niðurstöður úr hverri spurningu fyrir sig og skoðuð viðhorf eftir kyni, aldri og búsetu. Í fjórða hluta skýrslunnar eru afbrot borin saman milli hverfa og leitast við að meta áhrif íbúafjölda á tíðni þeirra. Í samantekt eru niðurstöður skýrslunnar dregnar saman og leitast við að meta stöðu afbrota á höfuðborgarsvæðinu út frá þessum tveimur gagnasöfnum.



Aðferðir og gögn

Gögnin sem hér eru notuð byggja á tvenns konar upplýsingum. Annars vegar er um að ræða upplýsingar sem skráðar eru í gagnagrunna og halda utan um þau brot sem lögreglan hefur upplýsingar um (LÖKE) og hins vegar niðurstöður úr spurningalistakönnun sem veita innsýn í viðhorf og reynslu íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Í upplýsingum úr gagnagrunni lögreglu (LÖKE) eru talin öll þau brot sem tilkynnt eru til lögreglunnar á ákveðnu tímabili og skráð eru í hverfi eða á svæði innan umdæmis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þegar hlutfall brota innan hverfa/svæða er reiknað er það gert út frá heildarfjölda brota hvort sem brotastaður er þekktur eða ekki. Yfirleitt er vettvangur brota þekktur og aðeins lítill hluti brota þar sem brotastaður er ekki þekktur. Í öllum tilvikum er tíðni brota skoðuð út frá vettvangi brotanna en ekki búsetu brotamanna.

Við túlkun á niðurstöðum þarf að hafa ýmsa fyrirvara í huga, svo sem hvað varðar skekkju í skráningu. Í LÖKE skrá margir aðilar og því er hætt við að skráning sé ekki alltaf eins. Einnig getur það haft áhrif að lögreglan tók upp nýtt skráningarkerfi við upphaf árs 2005 en leitast hefur verið við að hafa tölur eins sambærilegar og gerlegt er. Það verður líka að hafa það í huga að í LÖKE eru eingöngu upplýsingar brot sem tilkynnt hafa verið til lögreglu eða lögregla fengið upplýsingar um með öðrum hætti. Þannig er ekki um að ræða tæmandi lista yfir öll brot sem framin eru á höfuðborgarsvæðinu. Loks ber að taka fram að tölur fyrir 2005 og 2006 voru teknar úr skýrslunni sem var gefin út árið 2007, en þar var ekki gerð sundurgreining á brotaflokkum líkt og gert er hér í kaflanum um afbrot á höfuðborgarsvæðinu. Tölur fyrir frekari greiningu á brotaflokkum fyrir árin 2004 til 2006 voru því teknar úr gagnagrunni lögreglu mun síðar og skýrir það skekkjur sem kunna að vera á samtölum.

Til að tákna breytingar á fjölda brota eru notaðir litir sem gefa til kynna hvernig þróunin er í ljósi markmiða embættisins um 5 prósentustiga fækkun brota á ári hverju í samanburði við meðaltal þriggja ára tímabils á undan miðað við 10.000 íbúa. Blár litur táknar að markmiðunum hefur verið náð, þ.e. brotum fækkar um 5 prósentustig eða meira, grænn táknar að um fækkun brota er að ræða en hún er innan við 5 prósentustig og

rauður táknar að brotum fjölgar og aðgerða er þörf. Þó ber að hafa í huga að lögregla og yfirvöld eru misvel í stakk búin til að hafa áhrif á afbrotatíðni eftir því hvaða brot eiga í hlut.

Gögn um mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands og er íbúafjöldi miðaður við árslok ár hvert. Upplýsingar um meðalatvinnutekjur eru einnig fengnar frá Hagstofu Íslands og byggja á upplýsingum úr skattframtölum einstaklinga vegna tekna árið 2007. Meðalatvinnutekjur eru beinar skattskyldar launatekjur fyrir vinnuframlag í aðalstarfi auk dagpeninga, ökutækjastyrks og annarra hlunninda. Enginn sem er yngri en 12 ára telst hafa atvinnutekjur.

Gögn um fjárhagslega og félagslega aðstoð og fjölda félagslegra íbúða voru fengin frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og starfsmönnum félagsþjónustu sveitarfélaganna. Upplýsingar um fjölda íbúða í hverju hverfi og sveitarfélagi voru fengnar frá Fasteignamatí ríkisins.

Við vinnslu á gögnunum var ákveðið að fylgja hverfaskiptingu Reykjavíkurborgar þó var skiptingin aðeins frábrugðin opinberri skiptingu. Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt voru tekin saman í eitt hverfi og Kjalarnes og Kjós teljast með Mosfellsbæ, að öðru leyti er skiptingin eins og hjá Reykjavíkurborg. Við skiptingu á öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu var stuðst við sveitarfélagsnúmer.

Rannsókn á viðhorfum til lögreglu og reynslu af afbrotum

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í afbrotafræði sáu um framkvæmd spurningalistakönnunarinnar. Könnunin var í formi símaviðtala sem fóru fram dagana 19. maí til 28. júlí 2008, en Capacent Gallup annaðist úthringingar og gagnaöflun. Úrtak var valið með tilviljunar- aðferð úr Þjóðskrá íbúa á höfuðborgarsvæðinu 18 til 75 ára. 1.900 einstaklingar voru í endanlegu úrtaki en af þeim tóku 1.150 þátt í könnuninni, svarhlutfall var því um 61%.

Leitast var við að fá upplýsingar um viðhorf þátttakenda til lögreglu til dæmis með því að spyrja „hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu til að stemma stigu við afbrotum?“ og „þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg

finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?“ Einnig var leitast við að meta stöðu brota eftir svæðum með því að spyrja þátttakendur að því hvaða afbrot þeir teldu mesta vandamálið í sínu hverfi.

Ótti við afbrot var mældur með spurningum um ótta við að vera einn á gangi, annars vegar í eigin hverfi og hins vegar í miðborg Reykjavíkur. Þátttakendur voru einnig spurðir um það hversu oft á síðasta ári þeir hafi talið líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti.

Í rannsókninni var einnig spurt út í reynslu þátttakenda af innbrotum, eignaspjöllum og ofbeldi á síðustu 12 mánuðum og hvort brotin voru tilkynnt til lögreglunnar. Brotin voru ekki skilgreind nánar þannig að þátttakendur svöruðu miðað við eigin upplifun af brotunum.



Afbrot á höfuðborgarsvæðinu

Höfuðborgarsvæðið hefur verið í stöðugum vexti á síðustu árum bæði hvað varðar fjölgun íbúa og eins að stærð. Í árslok 2007 voru íbúar höfuðborgarsvæðisins 196.170 og samanborið við meðal íbúafjölda á árunum 2004 til 2006 nemur fjölgunin 8.755 íbúum eða 4,7 prósentum. Það jafngildir því að á tímabilinu hafi að meðaltali um 243 einstaklingar flutt á mánuði til höfuðborgarsvæðisins umfram þá sem flytja brott (tafla 1). Við árslok 2007 bjó ríflega þriðjungur landsmanna í Reykjavík eða 116.942 manns og var Breiðholt fjölmennasta svæði höfuðborgarinnar með tæplega 21 þúsund íbúa. Af sveitarfélögunum í nágrenni Reykjavíkur var Kópavogur fjölmennastur með 28.665 íbúa sem eru um 15 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins. Fámennasta sveitarfélagið var hinsvegar Kjósinn með 191 íbúa, en næst fámennast var Álftanes með 2.372 íbúa.

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu greint eftir svæðum.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
Vesturbær	15.908	15.998	16.156	8,2	248	1,6
Miðborgin	7.986	8.153	8.195	4,2	209	2,6
Hlíðar	10.829	10.945	10.966	5,6	137	1,3
Laugardalur	13.348	13.298	13.320	6,8	-28	-0,2
Háaleiti	13.691	13.658	13.734	7,0	43	0,3
Árbær - Grafar- og Norðlingaholt	13.139	14.114	15.152	7,7	2.013	15,3
Breiðholt	20.769	20.762	20.942	10,7	173	0,8
Grafarvogur	18.117	18.262	18.133	9,2	16	0,1
Mosfellsbær - Kjalarnes - Kjós	8.246	8.729	9.263	4,7	1.017	12,3
Kópavogur	26.613	27.525	28.665	14,6	2.052	7,7
Seltjarnarnes	4.497	4.471	4.446	2,3	-51	-1,1
Garðabær	9.351	9.556	9.931	5,1	580	6,2
Hafnarfjörður	22.750	23.751	24.895	12,7	2.145	9,4
Álftanes	2.171	2.276	2.372	1,2	201	9,3
Samtals	187.415	191.498	196.170	100,0	8.755	4,7

Í Hafnarfirði fjölgaði íbúum um 2.145 manns árið 2007 samanborið við meðal íbúafjölda árána 2004-2006 og bjuggu þar tæplega 25 þúsund manns árið 2007. Einnig varð hlutfallslega mikil fjölgun í Árbæ, Grafarholti

og Norðlingaholti árið 2007 eða um rúmlega 15 prósent og sama má segja um Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós. Íbúum fækkaði lítillega á Seltjarnarnesi og í Laugardalnum þegar árið 2007 er borið saman við meðaltal árunna 2004-2006 (tafla 1).

Tafla 2 sýnir aldurssamsetningu íbúa höfuðborgarsvæðisins árið 2007 og breytingar miðað við meðaltal árunna á undan. Fram kemur að tæplega 30 prósent íbúa var 20 ára eða yngri og ríflega fjórðungur íbúa var eldri en 50 ára. Einnig sést að íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgaði mest eða um 13 prósent (tafla 2).

Tafla 2. Fjöldi og hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu greint eftir aldri.


	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	40.270	40.370	40.456	20,6	186	0,5
15-20 ára	15.582	16.141	16.789	8,6	1.207	7,7
- þar af 15-17 ára	8.204	8.331	8.479	4,3	275	3,4
- þar af 18-20 ára	7.379	7.810	8.310	4,2	931	12,6
21-30 ára	28.799	29.549	30.442	15,5	1.643	5,7
31-40 ára	27.279	27.834	28.669	14,6	1.390	5,1
41-50 ára	26.589	27.250	27.897	14,2	1.308	4,9
51-70 ára	33.948	35.177	36.570	18,6	2.622	7,7
71 árs eldri	14.947	15.177	15.347	7,8	400	2,7
Samtals	187.415	191.498	196.170	100,0	8.755	4,7

Árið 2007 voru 76.882 íbúðarhúsnæði skráð á höfuðborgarsvæðinu og af þeim voru félagslegar íbúðir um 2.595 eða um þrjú prósent af íbúðarhúsnæði svæðisins. Meðalatvinnutekjur 12 ára og eldri á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2005 voru 3.736.800 í heildarlaun á ári.

Heildarfjöldi brota

Á mynd 1 má sjá hvernig fjöldi brota í tilteknum brotaflokkum hefur þróast síðustu þrjú árin. Sjá má að árið 2007 voru 925 ofbeldisbrot kærð til lögreglu og er það rúmlega 22 prósentum meira en þegar meðaltal árunna 2004-2006 er tekið saman (tafla 3). Fíkniefnabrot voru 1.286 árið 2007, nokkru færri en árið áður en tæpum átta prósentum fleiri en samanlagt meðaltal 2004-2006. Auðgunarbrotum fækkaði um 16 prósent árið 2007 samanborið við árin á undan og voru 4.882. Af þeim fjölda voru 1.882

innbrot sem er nánast sami fjöldi og árið á undan en 4,5 prósentustiga fækkun þegar tekið er mið af meðaltali árunna 2004-2006.




Mynd 1. Fjöldi brota á höfuðborgarsvæðinu árið 2007.

Eignaspjöll voru 2.132 árið 2007 sem er fækkun frá árinu á undan, en þegar borið er saman við meðaltal árunna 2004-2006 nokkur fjölgun. Nytjastuldir voru 341 árið 2007 og er það fjölgun um tæp sjö prósentustig frá árunum á undan. Kynferðisbrotum fjölgaði einnig nokkuð samanborið við árin á undan og voru þau 197 árið 2007 (tafla 3).

Tafla 3. Fjöldi brota á höfuðborgarsvæðinu og breytingar þar á.


	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '04-'06		
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	692	829	925	758	167,3	22,1%
Fíkniefnabrot	1.111	1.398	1.286	1.193	93,3	7,8%
Auðgunarbrot	4.502	5.152	4.882	5.820	-938,3	-16,1%
- þar af innbrot	1.761	1.897	1.882	1.970	-88,3	-4,5%
Eignaspjöll	1.425	2.307	2.132	2.079	53,3	2,6%
Nytjastuldur	237	367	341	320	21,3	6,7%
Kynferðisbrot	137	147	197	152	45,0	29,6%
Samtals	8.104	10.200	9.763	10.321	-558,0	-5,4%

Þegar ofantaldir brotaflokkar eru teknir saman sést að árið 2007 hefur tilkynntum brotum á höfuðborgarsvæðinu fækkað um rúm fimm prósent samanborið við meðaltal árána 2004-2006 en á sama tíma hefur íbúum fjölgað um tæp fimm prósent. Fækkun brota stafar einkum af mikilli fækkun auðgunarbrot, en eins og sést í töflu 3 hefur brotum fjölgað í öðrum flokkum.



Mynd 2. Fjöldi brota á höfuðborgarsvæðinu 2005-2007 miðað við 10.000 íbúa eftir brotaflokkum


Sé fjöldi brota skoðaður í ljósi íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu sést að árið 2007 var tilkynnt um 249 auðgunarbrot á hverja 10.000 íbúa, þar af 96 innbrot, en á sama tíma eru skráð 109 eignaspjöll (mynd 2). Þegar skoðuð er hlutfallsleg breyting á fjölda brota árið 2007 frá meðalfjölda brota árin 2004-2006 miðað við 10.000 íbúa, sést að auðgunarbrotum fækkaði um tæp 20 prósentustig, þar af innbrotum um tæp átta prósentustig og eignaspjöllum um tvö prósentustig. Ofbeldisbrotum fjölgaði um tæplega 17 prósentustig miðað við 10.000 íbúa og á sama tíma fjölgaði kynferðisbrotum um tæp 24 prósentustig (mynd 3).



Mynd 3. Hlutfallslegt frávik brota á höfuðborgarsvæðinu 2007 frá meðaltali 2004-2006 miðað við 10.000 íbúa eftir brotaflokkum.

Auðgunarbrot

Auðgunarbrot eru sá brotaflokkur hegningarlaganna sem er lang fyrirferðarmestur. Undir þennan flokk falla mörg af þeim brotum sem ætluð eru til fjárhagslegs ávinnings. Þar af eru þjófnaðir algengustu brotin en undir þann flokk falla t.d. innbrot sem er algengasta form þjófnaða.




Mynd 4. Fjöldi auðgunarbrota á höfuðborgarsvæðinu 2005-2007.

Árið 2007 voru 2.324 þjófnaðir tilkynntir til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sem er fækkun um tæplega 300 frá árinu áður (mynd 4) og 29 prósentu fækkun samanborið við meðaltal árunna 2004-2006 (tafla 4). Tilkynnt var um 1.882 innbrot sem er litlu minna en árið á undan, en er fækkun um rúm 4 prósent ef miðað er við meðaltal síðustu þriggja ára. Tilkynnt var um 40 rán til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 og hefur þeim fækkað jafnt og þétt miðað við fjölda brota árin á undan. Hylmingum fjölgaði hinsvegar verulega og voru 175 slík brot skráð árið 2007 sem eru nærri því tvöfalt fleiri en voru að meðaltali skráð á árunum 2004 til 2006.

Tafla 4. Fjöldi auðgunarbrota á höfuðborgarsvæðinu 2007 og breytingar þar á.

	Meðaltal		Frávik frá meðaltali	
	'04-'06	2007	2007	% 2007
Þjófnaður	3.275	2.324	-951,3	-29,0
Innbrot	1.967	1.882	-85,3	-4,3
Rán	42	40	-1,7	-4,0
Hylming	75	145	70,3	94,2
Gripdeild	87	100	13,0	14,9
Fjársvik	268	281	12,7	4,7
Fjárdráttur	40	61	21,3	53,8
Auðgunarbrot - Ýmislegt	39	49	9,7	24,6
Samtals	5.793	4.882	-911,3	-15,7


Fjárdráttarbrotum hefur fjölgað um nálægt 54 prósent á síðustu árum og voru 61 talsins árið 2007. Gripdeildir og fjársvik eru einnig meðal þeirra auðgunarbrot sem fjölgaði þegar árið 2007 er borið saman við meðaltal þriggja síðustu ára á undan (tafla 4). Mynd 5 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.



Mynd 5. Hlutfallslegt frávik auðgunarbrota árið 2007 frá meðaltali árána 2004-2006 m.v. 10.000 íbúa.

Kynferðisbrot


Árið 2007 fjölgaði kynferðisbrotum samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan (tafla 5). Tilkynnt var um 55 nauðganir - þvinganir (194. og 195. gr. alm. hgl.) árið 2007 sem er ríflega þriðjungs aukning frá meðaltali síðustu þriggja áráanna á undan. Tilkynningar vegna nauðgunar - misneytingar (196.-199. gr. alm. hgl.) voru 12 árið 2007 og voru því þriðjungi færri en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan (tafla 5). Á sama tíma tvöfaldaðist fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot gegn börnum og voru þær 66 árið 2007. Brot tengd klámi eða barnaklámi voru 25 sem er nálægt 50 prósentustiga aukning frá meðaltali áráanna 2004-2006. Árið 2007 voru einnig skráð fleiri brot tengd vændi en árin á undan, en á sama tíma varð þriðjungs fækkun í öðrum flokkum kynferðisbrota (tafla 5). Mynd 7 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.



Mynd 6. Fjöldi kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2005-2007.

Tafla 5. Fjöldi kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2007 og breytingar þar á.


	Meðaltal		Frávik frá meðalt.	
	'04-'06	2007	2007	% 2007
Nauðgun - þvingun (194.-195. gr.)	40	55	14,7	36,4
Nauðgun - misneyting (196.-199. gr.)	18	12	-6,3	-34,5
Kynferðisbrot gegn börnum	33	66	33,3	102,0
Klám/barnaklám	17	25	7,7	44,2
Vændi	2	6	4,3	260,0
Sifjaspell (200. gr.)	5	6	0,7	12,5
Kynferðisbrot, annað	40	27	-12,7	-31,9
Samtals	155	197	41,7	26,8



Mynd 7. Hlutfallslegt frávik kynferðisbrota árið 2007 frá meðaltali árunum 2004-2006 m.v. 10.000 íbúa.

Ofbeldisbrot


Ofbeldisbrotum hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum og var tilkynnt um 925 slík brot til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2007. Aukningin er fyrst og fremst í minniháttar líkamsárásam (217. gr. alm. hgl.) en tilkynnt var um 781 brot sem eru 123 fleiri en árið á undan og þriðjungur fleiri en að meðaltali á árunum 2004 til 2006 (tafla 6). Þegar litið er á tíðni meiriháttar eða stórfelldra líkamsárása (218. gr. alm. hgl.) er þróunin allt önnur, en þeim hefur verið að fækka á undanförunum árum. Árið 2007 var tilkynnt um 111 slíkar árásir sem er fækkun um 11 prósent þegar litið er til meðalfjölda tilkynninga 2004 til 2006. Öðrum líkamsmeiðingum, þar sem lífi eða heilsu er stefnt í háska eða vegna gáleysis, fjölga aftur á móti milli ára en tilkynnt var um 30 slík brot árið 2007 (tafla 6). Mynd 9 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.



Mynd 8. Fjöldi ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2005-2007.

Tafla 6. Fjöldi ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu 2007 og breytingar þar á.


	Meðaltal		Frávik frá meðalt.	
	'04-'06	2007	2007	% 2007
Líkamsárás, minniháttar	591	781	190,3	32,2
Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	125	111	-14,0	-11,2
Líkamsárás, annað	20	30	10,3	52,5
Manndráp	2	2	0,3	20,0
Tilraun til manndráps	4	1	-3,0	-75,0
Samtals	741	925	184,0	24,8



Mynd 9. Hlutfallslegt frávik ofbeldisbrota árið 2007 frá meðaltali árána 2004-2006 m.v. 10.000 íbúa.

Eignaspjöll og nytjastuldir

Árið 2007 var tilkynnt um 2.132 eignaspjöll til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu flest minniháttar eða 2.096. Þetta er fækkun frá árinu á undan, en fjölgun ef litið er til meðalfjölda brota síðustu þriggja ára á undan (tafla 7).




Mynd 10. Fjöldi eignaspjalla á höfuðborgarsvæðinu 2005-2007.

Af þessum eignaspjölum var tilkynnt um 683 rúðubrot sem er fækkun frá árinu á undan og 399 veggjakrotsmál sem er veruleg aukning frá fyrra ári (mynd 10). Mynd 11 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.

Tafla 7. Fjöldi eignaspjalla á höfuðborgarsvæðinu 2007 og breytingar þar á.

	Meðaltal		Frávik frá meðalt.	
	'04-'06	2007	2007	% 2007
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	2.013	2.096	83,0	4,1
- þar af rúðubrot*	456	683	227,0	49,8
- þar af veggjakrot*	91	399	308,5	340,9
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	32	36	4,3	13,7
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	313	341	28,3	9,1
Samtals	2.357	2.473	115,7	4,9


* Tölur frá 2004 ekki fyrirleggjandi og því er tekið meðaltal af árunum 2005-2006.



Mynd 11. Hlutfallslegt frávik eignaspjalla árið 2007 frá meðaltali áranna 2004-2006 m.v. 10.000 íbúa.

Fíkniefnabrot

Árið 2007 voru skráð 1.286 fíkniefnabrot hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem er fækkun frá árinu á undan en fjölgun þegar litið er til meðalfjölda brota þriggja ára á undan (tafla 8).




Mynd 12. Fjöldi fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu 2005-2007.

Brot á lögum um vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna voru 1.083 árið 2007 sem er nokkuð minna en árið áður. Brotum vegna sölu og dreifingar fíkniefna fjölgaði hins vegar umtalsvert milli ára en 68 brot voru skráð árið 2007. Framleiðsla fíkniefna jókst einnig og voru 20 brot skráð sem er nálægt 40 prósentu aukningu samanborið við meðalfjölda þriggja síðustu ára. Brot tengd innflutningi á fíkniefnum voru 53 talsins árið 2007 og fækkaði þeim um nær 10 prósent. Þá fækkaði ýmsum öðrum fíkniefnabrotum nokkuð (tafla 8). Mynd 13 sýnir hver er hlutfallsleg breyting á fjölda brota á þessu tímabili miðað við 10.000 íbúa.

Tafla 8. Fjöldi fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu 2007 og breytingar þar á.

	Meðaltal		Frávik frá meðalt.	
	'04-'06	2007	2007	% 2007
Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna	983	1.083	99,7	10,1
Sala og dreifing fíkniefna	46	68	22,0	47,8
Flutningur fíkniefna milli landa	59	53	-5,7	-9,7
Framleiðsla fíkniefna	14	20	5,7	39,5
Ýmis fíkniefnabrot	85	62	-23,3	-27,3
Samtals	1.188	1.286	98,3	8,3



Mynd 13. Hlutfallslegt frávik fíkniefnabrota árið 2007 frá meðaltali árunum 2004-2006 m.v. 10.000 íbúa.


Á töflu 9 sést magn þeirra fíkniefna sem lögregla og tollur lögðu hald á á árunum 2002-2007. Árið 2007 var lagt hald á tæp 6 kíló af hassi eða mun minna en síðustu fimm árin þar á undan, og rúm þrjú kíló af maríhúana. Lagt var hald á ríflega 26 kíló af amfetamíni eða mun meira en árin á undan. Þá var lagt hald á meira af Ecstasy árið 2007 en sést hefur undanfarin fimm ár, en mun minna magn kókaíns var tekið 2007 en árið á

undan (tafla 9). Árið 2007 var einnig lagt hald á mikið magn íblöndunarefna til framleiðslu fíkniefna, t.d. amfetamíns og kókaíns og yfir 1.000 kannabisplöntur og hálf fimmta kíló af kannabislaufum.


Tafla 9. Magn fíkniefna sem lögregla og tollur á höfuðborgarsvæðinu lögðu hald á árin 2002-2007.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Hass (g)	56.172	44.936	31.536	12.047	22.989	5.932
Marijúana (g)	557	2.254	1.421	2.249	3.569	3.279
Tóbaksblandað (g)	104	196	205	274	292	318
Amfetamín (g)	6.589	2.620	13.529	8.006	23.288	26.297
Amfetamín (stk)	14	0	0	975	179	4
Metamfetamín (g)	0	0	79	0	1	3
Metamfetamín (stk)	0	0	0	10	0	0
Ecstasy (g)	4	20	9	133	78	14.046
Ecstasy (stk)	636	2.324	1.281	1.153	1.481	2.374
Kókaín (g)	1.812	116	1.490	272	9.091	516
Heróín (g)	0	3	0	0	0	12
LSD (stk)	0	1	2.000	4.309	98	699

Þegar litið er á þróun í haldlagningum á hassi og amfetamíni sem lögregla og tollur hafa tekið á undanförunum árum sést að lagt hefur verið hald á amfetamín í vaxandi mæli á sama tíma og lagt hefur verið hald á minnkandi magn af hassi (mynd 14).



Mynd 14. Hass og amfetamín sem lagt var hald á 2000-2007.



Mynd 15. Fjöldi haldlagninga eftir tegundum efna 2000-2007.

Á mynd 15 má sjá að amfetamín er það efni sem kemur við sögu í vaxandi mæli þegar lögregla og tollur hafa lagt hald á efnið á undanförunum árum en fjöldi tilvika vegna haldlagninga á hassi fer fækkandi. Almennt fjölgar tilvikum vegna haldlagninga á öðrum efnum ár frá ári (mynd 15).

Tafla 10. Hlutfallslegt magn haldlagðra efna 2007 eftir tegundum og vettvangi.

	Hass	Maríhúana	Amfetamín	Ecstasy	Kókaín
Á víðavangi	1,5%	1,6%	0,3%	0,6%	2,6%
Fangelsi	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Flugvél	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	78,1%
Framvísað	20,8%	14,1%	1,2%	0,3%	1,2%
Hús	52,7%	59,9%	5,5%	2,0%	6,2%
Líkami	15,7%	5,5%	2,5%	1,0%	6,8%
Skip/bátur	1,4%	0,0%	89,4%	95,6%	0,0%
Tollgæslan	4,0%	1,7%	0,0%	0,0%	4,6%
Ökutæki	3,9%	17,2%	1,1%	0,5%	0,6%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 10 sýnir hvernig magn haldlagðra efna skiptist eftir tegundum þeirra og vettvangi haldlagninga. Fram kemur að meira en helmingur þess hass og maríhúana sem lagt var hald á árið 2007 kom fram við húsleitir.

Þetta kemur heim og saman við það að flestar haldlagningar eiga sér stað í húsum, við líkamsleit og loks framvísun þeirra sem hafa efnin undir höndum. Mikill meirihluti þess magns amfetamíns og e-taflna sem lagt var hald á árið 2007 kom fram í „Fáskrúðsfjarðarmálinu“ svonefnda, þar sem reynt var að smygla til landsins miklu magni þessara efna í seglskútu. Meirihluti þess kókaíns sem lagt var hald á var í fljótandi formi og kom fram við leit í flugvél.

Tafla 11. Hlutfallslegt magn haldlagðra efna eftir tegundum og brotaflokki 2007.


	Hass	Maríjúana	Amfetamín	Ecstasy	Kókaín
Stórfelld fíkniefnabrot	6,2%	0,2%	89,5%	95,7%	78,1%
Varsla og meðferð fíkniefna	80,2%	78,0%	9,9%	4,3%	21,1%
Sala og dreifing fíkniefna	9,2%	1,0%	0,3%	0,0%	0,1%
Flutningur fíkniefna milli landa	3,9%	1,6%	0,0%	0,0%	0,0%
Framleiðsla fíkniefna	0,0%	19,2%	0,0%	0,0%	0,0%
Ýmis fíkniefnabrot	0,4%	0,1%	0,2%	0,0%	0,7%

Í töflu 11 sést hvernig magn haldlagðra fíkniefna skiptist eftir því um hvers konar brot á fíkniefnalöggjöfinni var að ræða árið 2007. Í þeim tilvikum þar sem lagt var hald á hass eða maríjúana var oftast um vörslu eða meðferð efnanna að ræða. Hinsvegar fellur mikill meirihluti þess magns amfetamíns og e-taflna sem lagt var hald á undir stórfelld fíkniefnabrot vegna umfangs „Fáskrúðsfjarðarmálsins“ fyrrnefnda, þó að um flutning milli landa hafi verið að ræða. Sömu sögu er að segja af meirihluta þess magns kókaíns sem náðist, en þar var um stórfelld brot að ræða. Í langflestum tilvikum var lagt hald á fíkniefni í málum er snúa að vörslu eða neyslu fíkniefna eða almennt í kringum 90 prósent.

Önnur brot

Þegar skoðaðir eru aðrir brotaflokkar eins og ölvun á almannafæri kemur í ljós að afskiptum lögreglu vegna þeirra fækkaði árið 2007 um tæp níu prósent samanborið við meðaltal árána 2004 til 2006 (tafla 12). Afskipti vegna ölvunar á almannafæri og ekki síður vegna brota á lögreglusamþykkt


eru að verulegu leyti frumkvæðisvinna lögreglu og því geta áherslur embættisins í þessum málum haft áhrif á fjölda skráðra brota. Á haustmánuðum 2007 var ráðist í átak gegn brotum á lögreglusamþykkt í Miðborginni og skýrast háar tölur ársins 2007 af því (mynd 16).



Mynd 16. Fjöldi ýmissa annarra brota á höfuðborgarsvæðinu 2005-2007.

Tafla 12. Fjöldi ýmissa annarra brota á höfuðborgarsvæðinu 2007 og breytingar

	Meðaltal		Frávik frá meðalt.	
	'04-'06	2007	2007	% 2007
Áfengislög, ölvun á almannafæri	796	727	-69,3	-8,7
Lögreglusamþykktir	39	618	578,7	1471,2
Brenna, íkveikja	12	17	5,3	45,7
Samtals	847	1.362	514,7	60,7



Mynd 17. Hlutfallslegt frávik annarra brota árið 2007 frá meðaltali árána 2004-2006 m.v. 10.000 íbúa.

Afbrot eftir svæðum

Hér á eftir verður fjallað um hvert svæði höfuðborgarsvæðis fyrir sig þar sem fram koma upplýsingar um fjölda afbrota sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2004 til 2008 og áttu sér stað innan umdæmisins. Þá er fjallað um helstu einkenni hvers svæðis hvað varðar fjölda íbúa, aldurskiptingu íbúa, fjölda einstaklinga og fjölskyldna sem fá fjárhagslega aðstoð, fjölda félagslegra íbúða í hlutfalli af heildaríbúðafjölda og meðalatvinnutekjur íbúa árið 2007.

Reykjavíkurborg er skipt opinberlega upp í 10 hverfi en hér er skiptingin aðeins frábrugðin opinberri skiptingu. Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt eru tekin saman í eitt hverfi og Kjalarnes og Kjós teljast með Mosfellsbæ. Að öðru leyti er skiptingin eins og hjá Reykjavíkurborg. Höfuðborgarsvæðinu er því skipt í 14 svæði, átta tilheyra Reykjavík en hin sex skiptast eftir sveitarfélagsnúmeri hvers bæjarfélags.

Tafla 13. Fjöldi brota eftir svæðum og breytingar þar á.

	Fjöldi		MeðaltalFrávik frá '04-'06		Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Vesturbær	395	628	513	554	-41,3	-7,5%
Miðborgin	1.521	1.982	1.839	1.729	109,7	6,3%
Hlíðar	382	562	642	525	117,3	22,4%
Laugardalur	814	930	909	1.006	-97,3	-9,7%
Háaleiti	605	702	760	726	34,3	4,7%
Árbær	420	542	472	505	-32,7	-6,5%
Grafarholt og Norðlingaholt	97	88	75	103	-27,7	-26,9%
Breiðholt	788	1.125	844	1.076	-231,7	-21,5%
Grafarvogur	537	669	742	695	47,3	6,8%
Seltjarnarnes	90	125	106	117	-10,7	-9,1%
Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós	166	289	251	226	24,7	10,9%
Kópavogur	1.098	1.202	1.127	1.279	-152,0	-11,9%
Garðabær	251	320	228	282	-54,3	-19,2%
Álftanes	34	24	31	28	3,0	10,7%
Hafnarfjörður	708	824	892	816	76,3	9,4%
Samtals	7.906	10.012	9.431	9.666	-235,0	-2,4%

Eins og sést í töflu 13 var tíðni þeirra brota sem hér eru til umfjöllunar hæst í Miðborginni árið 2007 óháð íbúafjölda, en lægst á Álftanesi. Í Grafarholti og Norðlingaholti fækkaði brotum hlutfallslega mest en einnig varð umtalsverð fækkun brota í Breiðholti. Í Hlíðum fjölgaði brotum hinsvegar mest og þá fjölgaði brotum í Miðborginni nokkuð.

Vesturbær

Alls voru búsettir 16.156 einstaklingar í Vesturbæ við árslok 2007, sem er um átta prósent af heildar íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins, og hafði þeim fjölgað um 158 einstaklinga frá árinu á undan (tafla 14). Íbúum yngri en 15 ára og íbúum eldri en 70 ára fækkaði árið 2007 miðað við fyrri ár. Alls voru íbúar á aldrinum 15-20 ára rúm 7 prósent af íbúum Vesturbæjar árið 2007 og af þeim fjölgaði íbúum á aldrinum 18-20 ára nokkuð.

Samkvæmt heimildum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar nutu 335 einstaklingar eða fjölskyldur sem búsettar voru í Vesturbæ fjárhagslegrar aðstoðar frá Reykjavíkurborg árið 2007. Samtals þáðu því 2,1 prósent íbúa svæðisins fjárhagsaðstoð sem er ívið hærra en meðalhlutfall fjárhagsaðstoðar á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 sem er 1,6 prósent. Ástæður aðstoðar við einstaklinga og fjölskyldur voru af ýmsum toga svo sem veikindi (37%), atvinnuleysi (23%), lágar atvinnu- eða lífeyristekjur (14%), örorka (16%) og nám (8%). Lengd aðstoðar í mánuðum var mjög mismunandi allt frá einum mánuði til árs. Tæplega helmingur þeirra sem fengu aðstoð (49%) fengu hana í þrjá mánuði eða skemur.

Félagsbústaðir hf. eiga og reka félagslegar íbúðir í Reykjavík og er félagið í eigu Reykjavíkurborgar. Félagslegar íbúðir voru 129 í Vesturbæ við árslok 2007 og er það 1,7 prósent af u.þ.b. 7.684 íbúðum hverfisins. Meðalatvinnutekjur Vesturbæinga fyrir árið 2007 voru kr. 3.869.000 á ári sem gerir hverfið að öðru tekjuhæsta hverfi Reykjavíkur og sjötta tekjuhæsta svæði höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 14. Fjöldi og hlutfall íbúa í Vesturbæ greint eftir aldri.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	3.084	3.045	2.972	18,4	-112	-3,6
15-20 ára	1.141	1.153	1.197	7,4	56	4,9
- þar af 15-17 ára	593	575	594	3,7	1	0,1
- þar af 18-20 ára	548	578	603	3,7	55	10,0
21-30 ára	3.192	3.244	3.400	21,0	208	6,5
31-40 ára	2.428	2.451	2.482	15,4	54	2,2
41-50 ára	2.127	2.110	2.092	12,9	-35	-1,7
51-70 ára	2.512	2.611	2.652	16,4	140	5,6
71 árs eldri	1.424	1.384	1.361	8,4	-63	-4,4
Samtals	15.908	15.998	16.156	100,0	248	1,6

Árið 2007 var tilkynnt um 513 brot í þeim brotaflokkum sem sjá má í töflu 15, en það er 115 brotum færri en árið 2006 og 7,5 prósentustiga fækkun brota frá meðaltali árin 2004-2006. Þar munar mest um auðgunarbrot en þeim fækkaði um fjórðung þegar árið 2007 er borið saman við meðaltal árána 2004-2006 en þar af fækkaði innbrotum um níu prósentustig. Á sama tíma varð hinsvegar tvöföldun í fjölda kynferðisbrota og ofbeldisbrotum og fíkniefnabrotum fjölgaði næstum um þriðjung (tafla 15).


Tafla 15. Fjöldi brota í Vesturbæ og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	32	39	39	30	9,0	30,0%
Fíkniefnabrot	40	45	54	41	13,3	32,8%
Auðgunarbrot	248	350	251	336	-84,7	-25,2%
- þar af innbrot	129	125	115	126	-11,3	-9,0%
Eignaspjöll	52	172	134	127	7,0	5,5%
Nytjastuldur	9	16	20	14	6,3	46,3%
Kynferðisbrot	14	6	15	7	7,7	
Samtals	395	628	513	554	-41,3	-7,5%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Þegar hlutfall brota í Vesturbæ af heildarfjölda brota er skoðað kemur fram að árið 2007 lækkaði hlutfall auðgunarbrota nokkuð frá árinu 2006, en á sama tíma jókst hlutfall kynferðisbrota mjög eða úr rúmlega fjórum prósentum í tæp 10 prósent (mynd 18). Þá áttu sér stað í Vesturbæ

rúmlega sex prósent eignaspjalla sem er ívið lægra hlutfall en árið á undan.



Mynd 18. Hlutfall tilkynntra brota í Vesturbæ af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Miðborgin

Við árslok 2007 voru íbúar Miðborgarinnar 8.195 eða rúm fjögur prósent af heildar íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins (tafla 1). Þar af voru rúm fimm prósent á aldrinum 15-20 ára (tafla 16). Nokkuð fækkaði í yngstu aldurshópnum árið 2007 og þá sérstaklega á aldursbilinu 15-17 ára samanborið við aldurssetningu Miðborgarinnar á árunum 2004 til 2006. Einnig fækkaði íbúum yfir 70 ára en fjölgun varð í öðrum aldurshópum.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitti 309 einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð árið 2007 sem er 3,8 prósent íbúa svæðisins. Þetta er nokkru hærra en meðal hlutfall veittrar aðstoðar á höfuðborgarsvæðinu sem er 1,6 prósent. Flestir fengu aðstoð vegna veikinda eða 32 prósent, 30 prósent vegna atvinnuleysis, tæp 15 prósent vegna örorku, 11 prósent voru namar og átta prósent fengu styrk vegna

lágra atvinnu-eða lífeyristekna. Stór hluti þeirra sem nutu aðstoðar fengu hana skemur en þrjá mánuði eða 41 prósent.

Árið 2007 var íbúðafjöldi í Miðborginni og Hlíðum samtals 9.828. Af þeim voru um 504 íbúðir í eigu Félagsbústaða efh. eða um 5,1 prósent íbúða hverfanna beggja. Íbúar Miðborgarinnar höfðu frekar lágar atvinnutekjur miðað við önnur hverfi í borginni en meðalatvinnutekjur þeirra voru kr. 3.584.000 fyrir árið 2007 og lenda þeir í þriðja neðsta sæti á höfuðborgarsvæðinu hvað það varðar.

Tafla 16. Fjöldi og hlutfall íbúa í miðborginni greint eftir aldri.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	997	993	973	11,9	-24	-2,4
15-20 ára	456	449	430	5,2	-26	-5,7
- þar af 15-17 ára	188	182	167	2,0	-21	-11,0
- þar af 18-20 ára	268	267	263	3,2	-5	-2,0
21-30 ára	2.014	2.099	2.124	25,9	110	5,4
31-40 ára	1.373	1.423	1.469	17,9	96	7,0
41-50 ára	1.067	1.074	1.085	13,2	18	1,7
51-70 ára	1.344	1.390	1.419	17,3	75	5,6
71 árs eldri	735	725	695	8,5	-40	-5,4
Samtals	7.986	8.153	8.195	100,0	209	2,6


Í Miðborginni fjölgaði fíkniefnabrotum mest árið 2007 þegar litið er til meðaltals áranna 2004-2006 eða um 40 prósentustig og á sama tíma fjölgaði kynferðisbrotum um tæp 37 prósentustig (tafla 17). Lítilleg fjölgun varð á ofbeldisbrotum og þá fjölgaði innbrotum um rúm níu prósentustig, en aftur á móti fækkaði auðgunarbrotum í heild um tæp þrjú prósentustig.

Mynd 19 sýnir hlutfall brota í Miðborginni af heildar fjölda brota á höfuðborgarsvæðinu síðustu þrjú ár. Helstu breytingar voru þær að hlutfall ofbeldisbrota í Miðborginni af heildarfjölda lækkaði um fimm prósentustig frá 2006 og 10 prósentustig frá 2007.

Tafla 17. Fjöldi brota í miðborginni og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '04-'06		
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	308	333	326	306	20,3	6,7%
Fíkniefnabrot	293	331	369	264	105,3	39,9%
Auðgunarbrot	630	832	736	756	-19,7	-2,6%
- þar af innbrot	194	304	245	224	21,0	9,4%
Eignaspjöll	230	415	340	340	-0,3	-0,1%
Nytjastuldur	32	50	37	41	-4,3	-10,5%
Kynferðisbrot	28	21	31	23	8,3	36,8%
Samtals	1.521	1.982	1.839	1.729	109,7	6,3%

Ríflega þriðjungur allra ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu átti sér stað í Miðborginni árið 2007. Hlutfall fíkniefnabrota sem skráð voru í Miðborginni árið 2007 var um 29 prósent af heildarfjölda fíkniefnabrota og fjölgaði um fimm prósentustig frá árinu á undan. Þá hækkaði hlutfall kynferðisbrota í Miðborginni einnig um rúm fjögur prósentustig og átti fimmtungur allra kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu sér stað þar árið 2007. Minni breytingar urðu á hlutfalli annarra brotaflokkanna í Miðborginni.



Mynd 19. Hlutfall tilkynntra brota í Miðborg af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Hlíðar

Alls bjuggu 10.966 einstaklingar í Hlíðunum við árslok 2007 og hafði fjölgað um rúm prósentustig frá árinu 2006 (tafla 18). Þar af voru rúm sex prósent íbúa á aldrinum 15-20 ára. Íbúar Hlíðahverfis voru tæp sex prósent af heildarfjölda þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Fækkun varð í yngstu og elstu aldurshópunum í Hlíðunum en fjölgun í öðrum aldurshópum þegar árið 2007 er borið saman við meðaltal áranna 2004 til 2006.

Alls fengu 221 einstaklingar eða heimili í Hlíðunum fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sem er um tvö prósent íbúa hverfisins eða ívið hærra en meðaltal fjárhagsaðstoðar á höfuðborgarsvæðinu. Ástæður aðstoðar í 30 prósent tilvika voru veikindi, 27 prósent fengu aðstoð vegna atvinnuleysis, 14 prósent voru með lágar atvinnu- eða lífeyristekjur, 13 prósent voru öryrkjar og sama hlutfall í námi. Tveir af hverjum þremur sem fengu aðstoð fengu hana í þrjá mánuði eða skemur.

Um það bil fimm prósent íbúða í Hlíðarhverfi eru í eigu Félagsbústaða hf. Meðalatvinnutekjur íbúa Hlíðahverfis voru kr. 3.685.000 fyrir árið 2007 sem er í meðallagi samanborið við önnur hverfi Reykjavíkur.

Tafla 18. Fjöldi og hlutfall íbúa í Hlíðum greint eftir aldri.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	1.796	1.794	1.755	16,0	-41	-2,3
15-20 ára	703	722	700	6,4	-3	-0,4
- þar af 15-17 ára	346	348	326	3,0	-20	-5,9
- þar af 18-20 ára	356	374	374	3,4	18	5,0
21-30 ára	1.986	2.033	2.045	18,6	59	3,0
31-40 ára	1.614	1.635	1.701	15,5	87	5,4
41-50 ára	1.412	1.419	1.441	13,1	29	2,0
51-70 ára	2.062	2.095	2.124	19,4	62	3,0
71 árs eldri	1.255	1.247	1.200	10,9	-55	-4,4
Samtals	10.829	10.945	10.966	100,0	137	1,3


Árið 2007 var tilkynnt um 642 brot í Hlíðunum af því tagi sem sjá má í töflu 19. Brotum fjölgaði á svæðinu um rúm 22 prósentustig ef borið er saman við meðalfjölda brota á árunum 2004 til 2006. Mest varð aukningin í fjölda fíkniefnabrota, en þau voru tvöfalt fleiri árið 2007 heldur en að meðaltali á árunum 2004 til 2006.

Tafla 19. Fjöldi brota í Hlíðum og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '04-'06		
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	28	47	48	32	15,7	48,5%
Fíkniefnabrot	49	63	99	51	48,3	95,4%
Auðgunarbrot	214	280	339	298	40,7	13,6%
- þar af innbrot	111	116	122	115	7,3	6,4%
Eignaspjöll	72	138	116	116	0,3	0,3%
Nytjastuldur	15	22	29	18	10,7	58,2%
Kynferðisbrot	4	12	11	9	1,7	17,9%
Samtals	382	562	642	525	117,3	22,4%

Þá fjölgaði ofbeldisbrotum í Hlíðum nánast um helming þegar borið er saman við meðalfjölda 2004 til 2006, en aðeins um eitt brot frá árinu áður. Auðgunarbrot voru alls 339 árið 2007 og fjölgaði um tæp 14 prósentustig, þar af fjölgaði innbrotum um rúm sex prósentustig. Einnig varð nokkur fjölgun á nytjastuldum og á kynferðisbrotum. Þegar árið 2007 er borið saman við meðaltal áranna 2004 til 2006 má sjá fjölgun í öllum brotaflokkum í Hlíðunum, en ef borið er saman við árið 2006 sést að eignaspjöllum fækkaði nokkuð og kynferðisbrotum lítillega.

Fjölgun fíkniefnabrota í Hlíðunum olli því að hlutfall þeirra í heildarfjölda fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu jókst milli ára (mynd 20). Árið 2007 áttu tæp átta prósent slíkra brota sér stað í Hlíðunum en árið 2006 var hlutfallið innan við fimm prósent. Hlutfall auðgunarbrot, innbrota og nytjastulda jókst líka á svæðinu frá árinu 2006. Fjölgun ofbeldisbrota hefur hinsvegar ekki skilað sér í auknu hlutfalli slíkra brota í Hlíðunum, heldur minnkar hlutfallið lítillega. Sama er að segja um kynferðisbrot, en hlutfall þeirra lækkar úr tæpum níu prósentum frá 2006 í sjö prósent árið 2007.



Mynd 20. Hlutfall tilkynntra brota í Hlíðum af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Laugardalur

Við árslok 2007 bjuggu 13.320 íbúar í Laugardalshverfi og eru það tæp sjö prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins (tafla 1). Þetta er nánast sami íbúafjöldi og búsettur hefur verið á svæðinu síðustu þrjú ár á undan. Rúm sjö prósent íbúa var á aldrinum 15-20 ára og hefur íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgað um átta prósentustig ef borið er saman við aldurssamsetningu í Laugardal á árunum 2004 til 2006. Á sama tíma hefur íbúum undir 15 ára fækkað um tæp þrjú prósentustig og íbúum yfir 70 ára fækkað um tæplega sjö prósentustig (tafla 20).

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitti 271 einstaklingum eða fjölskyldum aðstoð í Laugardalshverfi árið 2007 og er það um tvö prósent af íbúafjölda hverfisins. Hlutfall íbúa sem þáðu aðstoð er því ívið hærra í Laugardalshverfi en að meðaltali á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Atvinnuleysi hefur verið helsta ástæða aðstoðar í Laugardalshverfi á síðustu árum og árið 2007 þáðu 27 prósent aðstoð af þeim sökum, 26 prósent fengu aðstoð vegna veikinda, öryrkjar voru um 18 prósent þeirra sem fengu

aðstoð, rúm 14 prósent höfðu lágar atvinnu- eða lífeyristekjur og 11 prósent voru nemar. Tæplega helmingur þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð þáðu hana í þrjá mánuði eða skemur.

Alls voru u.þ.b. 5.839 íbúðir í Laugardalshverfi og af þeim voru um 259 í eigu Félagsbústaða hf. eða 4,4 prósent íbúða í hverfinu. Að meðaltali eru íbúar í Laugardal í lægri kantinum tekjulega miðað við önnur hverfi en meðal atvinnutekjur þeirra fyrir 2007 voru kr. 3.679.000.

Tafla 20. Fjöldi og hlutfall íbúa í Laugardal greint eftir aldri.


	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	2.536	2.496	2.462	18,5	-74	-2,9
15-20 ára	947	969	988	7,4	41	4,3
- þar af 15-17 ára	499	510	502	3,8	3	0,7
- þar af 18-20 ára	448	459	486	3,6	38	8,4
21-30 ára	1.883	1.876	1.907	14,3	24	1,3
31-40 ára	1.857	1.830	1.873	14,1	16	0,9
41-50 ára	1.745	1.772	1.777	13,3	32	1,8
51-70 ára	2.239	2.251	2.311	17,3	72	3,2
71 árs eldri	2.141	2.104	2.002	15,0	-139	-6,5
Samtals	13.348	13.298	13.320	100,0	-28	-0,2

Árið 2007 var fjöldi tilkynntra brota í Laugardalshverfi 909 sem er fækkun um næstum 100 brot eða 10 prósentustig þegar borið er saman við meðalfjölda brota á árunum 2004 til 2006 (tafla 21). Fækkun auðgunarbrotu um meira en 100 brot vegur þar þyngst, en þau voru 557 á árinu 2007 sem er þó svipuð tala ef borið er saman við árið 2006.

Tafla 21. Fjöldi brota í Laugardal og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	37	44	62	40	21,7	53,7%
Fíkniefnabrot	76	104	77	93	-16,0	-17,2%
Auðgunarbrot	567	550	557	659	-102,3	-15,5%
- þar af innbrot	194	218	210	227	-16,7	-7,4%
Eignaspjöll	101	180	163	168	-4,7	-2,8%
Nytjastuldur	27	31	34	33	1,0	3,0%
Kynferðisbrot	6	21	16	13	3,0	23,1%
Samtals	814	930	909	1.006	-97,3	-9,7%

Innbrotum fækkaði um rúmlega sjö prósentustig samanborið við meðaltal árána 2004-2006, líkt og fíkniefnabrotum sem fækkaði um rúmlega 17 prósentustig. Ofbeldisbrotum fjölgaði um meira en helming í Laugardalshverfi og voru orðin 62 árið 2007. Einnig kemur fram aukning í fjölda kynferðisbrota á tímabilinu, en í samanburði við árið 2006 fækkar þeim brotum milli ára.



Mynd 21. Hlutfall tilkynntra brota í Laugardal af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokkum.

Þegar skoðað er hlutfall brota í Laugardal árið 2007 af heildarfjölda brota á höfuðborgarsvæðinu sést að hlutfall kynferðisbrota hefur lækkað um fimm prósentustig frá árinu 2006 (mynd 21). Hlutfall fíkniefnabrota lækkaði einnig og var komið í sex prósent, en á sama tíma varð aukning á hlutfalli ofbeldisbrota sem var orðið sjö prósent árið 2007. Minni breytingar urðu á öðrum brotaflokkum, en árið 2007 áttu 12 prósent auðgunarbrot séra stað í Laugardal af heildarfjölda auðgunarbrot á höfuðborgarsvæðinu.

Háaleiti

Alls voru íbúar í Háaleitishverfi 13.734 árið 2007 sem er litlu meira en íbúafjöldinn síðustu þrjú ár þar á undan (tafla 22). Íbúar Háaleitis voru sjö prósent af heildaríbúafjölda höfuðborgarsvæðisins árið 2007. Rúm átta prósent íbúanna var á aldrinum 15-20 ára og hafði fjölgað í þeim aldurshópi um tæp níu prósentustig ef borið er saman við aldursdreifingu hverfisins að meðaltali árin 2004 til 2006. Reykjavíkurborg veitti 163 einstaklingum og fjölskyldum í Háaleitishverfi fjárhagslega aðstoð árið 2007 sem er 1,2 prósent af heildaríbúafjölda hverfisins og undir meðaltali fjárhagsaðstoðar eftir svæðum. Um 28 prósent þeirra sem þáðu aðstoð voru sjúklingar og önnur 28 prósent fengu aðstoð vegna atvinnuleysis, 19 prósent vegna örorku, 12 prósent voru nemar og 10 prósent fengu aðstoð vegna lágra atvinnu- eða lífeyristekna. Mikill meirihluti þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð fengu hana í skemmri tíma en þrjá mánuði eða 82 prósent.

Af þeim 5.835 íbúðum sem eru í hverfinu eru 148 félagslegar íbúðir og er það 2,5 prósent af íbúðafjölda Háaleitishverfis. Meðalatvinnutekjur íbúa hverfisins voru kr. 4.053.000 og eru þeir í fimmta sæti hvað varðar meðaltekjur á höfuðborgarsvæðinu en í fyrsta sæti innan Reykjavíkur.

Tafla 22. Fjöldi og hlutfall íbúa í Háaleiti greint eftir aldri.


	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	2.457	2.421	2.352	17,1	-105	-4,3
15-20 ára	1.058	1.085	1.150	8,4	92	8,7
- þar af 15-17 ára	564	568	603	4,4	39	7,0
- þar af 18-20 ára	494	517	547	4,0	53	10,7
21-30 ára	1.706	1.683	1.733	12,6	27	1,6
31-40 ára	1.700	1.710	1.668	12,1	-32	-1,9
41-50 ára	1.918	1.921	1.883	13,7	-35	-1,8
51-70 ára	2.822	2.829	2.935	21,4	113	4,0
71 árs eldri	2.030	2.009	2.013	14,7	-17	-0,8
Samtals	13.691	13.658	13.734	100,0	43	0,3

Árið 2007 voru skráð samtals 760 brot í þeim brotaflokkum sem hér eru teknir til greiningar og er það fjölgun um tæplega fimm prósentustig þegar borið er saman við meðalfjölda brota á árunum 2004 til 2006 (tafla 23). Mest varð fjölgunin á fíkniefnabrotum en árið 2007 voru þau 115 sem er rúmum 85 prósentustigum meira en á tímabilinu 2004-2006. Þá fjölgaði

ofbeldisbrotum nokkuð eða um 40 prósentustig og sömuleiðis varð aukning um 18 prósentustig á eignaspjöllum. Á sama tíma fækkaði auðgunarbrotum um 11 prósentustig, ef borið er saman við árið 2006 fjölgaði þeim lítilliga. Færri kynferðisbrot voru tilkynnt árið 2007 en að meðaltali árin 2004 til 2006.

Tafla 23. Fjöldi brota í Háaleiti og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi %
Ofbeldisbrot	42	48	63	45	18,0 40,0%
Fíkniefnabrot	61	74	115	62	53,0 85,5%
Auðgunarbrot	389	401	410	461	-51,3 -11,1%
- þar af innbrot	129	104	124	139	-15,0 -10,8%
Eignaspjöll	87	151	151	128	23,0 18,0%
Nytjastuldur	13	18	12	16	-4,3 -26,5%
Kynferðisbrot	13	10	9	13	-4,0 -30,8%
Samtals	605	702	760	726	34,3 4,7%



Mynd 22. Hlutfall tilkynntra brota í Háaleiti af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Mynd 22 sýnir hlutfall brota í Háaleitishverfi samanborið við heildar fjölda brota. Í Háaleiti voru auðgunarbrot þau brot sem höfðu hæst hlutfall af heildarfjölda brota á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2007 jókst hlutfallið um tvö prósentustig frá árinu 2006. Hlutfall fíkniefnabrota jókst í samræmi við aukna tíðni þeirra brota og var rúm níu prósent. Sömu sögu er að segja af hlutfalli ofbeldisbrota sem var sjö prósent árið 2007. Hlutfall kynferðisbrota lækkaði hinsvegar annað árið í röð og var komið í tæp sex prósent.

Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt

Íbúar Árbæjar, Grafarholts og Norðlingaholts voru alls 15.152 í árslok 2007 og hafði íbúum fjölgað um rúm sjö prósent frá árinu áður (tafla 24). Ríflega átta prósent íbúa voru á aldrinum 15-20 ára. Alls fengu 250 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og er það 1,6 prósent af heildaríbúafjölda hverfanna. Aðstoð var veitt í 24 prósent tilvika vegna veikinda, 21 fengu aðstoð vegna örorku, 20 prósent vegna atvinnuleysis, önnur 20 prósent vegna lágra atvinnu- eða lífeyristekna og tæp 12 prósent voru namar. Um 55 prósent þeirra sem nutu aðstoðar fengu hana í þrjá mánuði eða skemur.

Í hverfinu voru 5.388 íbúðir árið 2007 og af þeim voru 225 í eigu Félagsbústaða hf. sem er 4,2 prósent íbúða á svæðinu. Meðalatvinnutekjur íbúa í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti voru kr. 3.725.000 árið 2007.

Tafla 24. Fjöldi og hlutfall íbúa í Árbæ, Grafar- og Norðlingaholti eftir aldri.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	3.116	3.346	3.548	23,4	432	13,9
15-20 ára	1.088	1.136	1.271	8,4	183	16,8
- þar af 15-17 ára	549	573	642	4,2	93	17,0
- þar af 18-20 ára	540	563	629	4,2	89	16,6
21-30 ára	2.164	2.323	2.432	16,1	268	12,4
31-40 ára	1.976	2.190	2.400	15,8	424	21,4
41-50 ára	1.863	1.968	2.076	13,7	213	11,4
51-70 ára	2.360	2.536	2.747	18,1	387	16,4
71 árs eldri	572	615	678	4,5	106	18,5
Samtals	13.139	14.114	15.152	100,0	2.013	15,3

Árið 2007 var tilkynnt um 472 brot í Árbæ, sem er fækkun um 6,5 prósentustig (tafla 25). Þar munar mest um fækkun auðgunarbrota, en þau voru tæpum 14 prósentustigum færri árið 2007 en að meðaltali á árunum 2004 til 2006. Þar af fækkaði innbrotum um rúm 10 prósentustig. Hinsvegar fjölgaði ofbeldis-, fíkniefna- og kynferðisbrotum á sama tíma.

Tafla 25. Fjöldi brota í Árbæ og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '04-'06		
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	19	20	29	17	12,0	70,6%
Fíkniefnabrot	24	48	37	33	4,3	13,3%
Auðgunarbrot	290	344	291	337	-46,0	-13,6%
- þar af innbrot	155	108	121	135	-14,0	-10,4%
Eignaspjöll	63	105	80	93	-13,0	-14,0%
Nytjastuldur	19	19	22	20	1,7	8,2%
Kynferðisbrot	5	6	13	5	8,3	
Samtals	420	542	472	505	-32,7	-6,5%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.


Tilkynnt var um 75 brot í Grafarholti og Norðlingaholti árið 2007, en það er 27 prósentustigum færri brot en að meðaltali árin 2004 til 2006 (tafla 26). Breytinguna má rekja til helmingsfækkunar auðgunarbrota á tímabilinu.

Tafla 26. Fjöldi brota í Grafarholti og Norðlingaholti og breytingar þar á.


	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '04-'06		
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	5	9	10	8	1,7	20,0%
Fíkniefnabrot	6	1	3	3	0,0	
Auðgunarbrot	66	38	29	65	-36,0	-55,4%
- þar af innbrot	37	27	16	34	-17,7	-52,5%
Eignaspjöll	16	36	26	23	3,0	13,0%
Nytjastuldur	4	3	5	3	2,0	
Kynferðisbrot	0	1	2	0	1,7	
Samtals	97	88	75	103	-27,7	-26,9%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Mynd 23 sýnir að hlutfall kynferðisbrota í Árbæ árið 2007 af heildarfjölda kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu hækkaði nánast um helming frá árinu 2006. Hlutfall innbrota í Árbæ af heildarfjölda innbrota hækkaði einnig frá árinu 2006 (mynd 23).



Mynd 23. Hlutfall tilkynntra brota í Árbæ, af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.



Mynd 24. Hlutfall tilkynntra brota í Grafarholti og Norðlingaholti af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Hlutfall kynferðisbrota í Grafarholti og Norðlingaholti jókst einnig frá árinu 2006, þó hafa beri í huga að einungis er um tvö mál að ræða árið 2007 (mynd 24).

Breiðholt

Breiðholtið er fjölmennasta hverfið í Reykjavík, alls voru íbúar þar 20.942 í lok árs 2007 og hafði fjölgað lítillega frá 2006 (tafla 27). Um níu prósent íbúa Breiðholts voru á aldrinum 15-20 ára og þar af fjölgaði í aldurshópnum 18-20 ára um rúm níu prósent ef borið er saman við aldursskiptingu Breiðholts á árunum 2004-2006.

Í Breiðholti fengu 584 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagslega aðstoð frá Reykjavíkurborg, það eru 2,8 prósent af heildarfjölda hverfisins. Þetta er nokkru yfir meðaltali sem er 1,6 prósent. Ástæður aðstoðar voru oftast atvinnuleysi (23%) eða veikindi (35,6%). Þá voru 12,5 prósent þeirra sem þáðu stuðning öryrkjar og 17 prósent með lágar atvinnu- eða lífeyristekjur, en níu prósent voru í námi. Ríflega helmingur þeirra sem fengu aðstoð þáðu hana í þrjá mánuði eða skemur.

Í Breiðholti voru u.þ.b. 7.729 íbúðir árið 2007 og af þeim áttu Félagsbústaðir hf. 514 sem er 6,7 prósent íbúða í hverfinu. Þetta er hæsta hlutfall félagslegra íbúða á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar í Breiðholti höfðu einnig lægstar meðaltekjur samanborið við önnur hverfi en meðal atvinnutekjur þeirra fyrir árið 2007 voru kr. 3.512.000.

Tafla 27. Fjöldi og hlutfall íbúa í Breiðholti greint eftir aldri.


	Meðaltal		Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	4.312	4.165	4.124	4.124	19,7	-188	-4,4
15-20 ára	1.784	1.835	1.863	1.863	8,9	79	4,4
- þar af 15-17 ára	913	913	917	917	4,4	4	0,4
- þar af 18-20 ára	871	922	946	946	4,5	75	8,6
21-30 ára	3.325	3.332	3.397	3.397	16,2	72	2,2
31-40 ára	2.802	2.849	2.920	2.920	13,9	118	4,2
41-50 ára	2.674	2.713	2.747	2.747	13,1	73	2,7
51-70 ára	4.537	4.510	4.542	4.542	21,7	5	0,1
71 árs eldri	1.336	1.358	1.349	1.349	6,4	13	1,0
Samtals	20.769	20.762	20.942	20.942	100,0	173	0,8

Tafla 28 sýnir tilkynnt brot í tilteknum brotaflokkum í Breiðholti. Árið 2007 var fjöldi þessara brota 844 sem er fækkun um ríflega fimmtung frá því sem var að meðaltali á árunum 2004-2006. Mest munar þar um nærfellt 40 prósentustiga fækkun auðgunarbrot sem voru 352 árið 2007. Þar af fækkaði innbrotum um 28 prósentustig.

Tafla 28. Fjöldi brota í Breiðholti og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi %
Ofbeldisbrot	57	68	89	61	27,7 45,1%
Fíkniefnabrot	104	147	133	116	17,0 14,7%
Auðgunarbrot	425	515	352	584	-232,0 -39,7%
- þar af innbrot	226	246	182	252	-70,3 -27,9%
Eignaspjöll	151	328	223	260	-37,3 -14,3%
Nytjastuldur	36	51	32	40	-8,0 -20,0%
Kynferðisbrot	15	16	15	14	1,0 7,1%
Samtals	788	1.125	844	1.076	-231,7 -21,5%

Þá varð einnig fækkun á eignaspjöllum og nytjastuldum milli ára. Hinsvegar varð 45 prósentustiga aukning á ofbeldisbrotum í Breiðholti, en 89 slík brot voru skráð árið 2007.



Mynd 25. Hlutfall tilkynnta brota í Breiðholti af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Mynd 25 sýnir hlutfall brota í Breiðholti af heildarfjölda brota. Hlutfall brota í Breiðholti lækkaði í öllum brotaflokkum nema ofbeldisbrotum. Er hlutfallið um 10 prósent í öllum brotaflokkum nema auðgunarbrotum sem lækkaði úr 10 prósent í tæp sex prósent frá árinu 2006. Það má því segja að 10 prósent allra þeirra brota sem hér eru nefnd að auðgunarbrotum undanskildum eigi sér stað í Breiðholti.

Grafarvogur

Grafarvogur er næst fjölmennasta hverfi Reykjavíkur en þar bjuggu 18.133 við árslok 2007 sem er nánast sami fjöldi og hefur búið þar að meðaltali síðustu þrjú ár á undan (tafla 29). Rúmlega 10 prósent íbúa Grafarvogs voru á aldrinum 15-20 ára, en þeim fjölgaði um rúm sjö prósent þegar borið er saman við meðaltal árána 2004-2006. Þar af fjölgaði mest íbúum á aldrinum 18-20 ára. Í Grafarvogi þáðu 264 einstaklingar og fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg árið 2007 sem er tæplega 1,5 prósent af heildaríbúafjölda hverfisins. Þar af fengu um 60 prósent þeirra aðstoð í þrjú mánuði eða skemur. Flestir eða um 27 prósent fengu aðstoð vegna veikinda, þá fengu 21 prósent aðstoð vegna lágra atvinnu- eða lífeyristekna, 17 prósent vegna örorku, 16 prósent voru atvinnulausir og 13 prósent voru í námi.

Tafla 29. Fjöldi og hlutfall íbúa í Grafarvogi greint eftir aldri.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	4.689	4.534	4.314	23,8	-375	-8,0
15-20 ára	1.760	1.845	1.891	10,4	131	7,4
- þar af 15-17 ára	972	1.001	997	5,5	25	2,5
- þar af 18-20 ára	788	844	894	4,9	106	13,5
21-30 ára	2.642	2.621	2.545	14,0	-97	-3,7
31-40 ára	2.761	2.669	2.522	13,9	-239	-8,7
41-50 ára	2.958	2.981	3.027	16,7	69	2,3
51-70 ára	2.698	2.931	3.107	17,1	409	15,2
71 árs eldri	608	681	727	4,0	119	19,5
Samtals	18.117	18.262	18.133	100,0	16	0,1


Um það bil 5.942 íbúðir voru í Grafarvogshverfi árið 2007 og eiga Félagsbústaðir hf. um 180 íbúðir eða um þrjú prósent íbúðahúsnæðis í hverfinu. Meðalatvinnutekjur íbúa Grafarvogshverfis voru 3.750.000.

Árið 2007 var tilkynnt um 742 brot í Grafarvogi sem er 47 brotum eða tæpum sex prósentustigum fleiri brot en að meðaltali síðustu þrjú ár á undan (tafla 30). Mesta fjölgunin átti sér stað í eignaspjölum eða um 76 brot, en einnig fjölgaði ofbeldisbrotum og innbrotum. Aftur á móti fækkaði auðgunarbrotum almennt, svo og fíkniefnabrotum og kynferðisbrotum.

Tafla 30. Fjöldi brota í Grafarvogi og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal Frávik frá '04-'06		
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	22	48	44	35	9,0	25,7%
Fíkniefnabrot	101	77	79	98	-19,0	-19,4%
Auðgunarbrot	275	294	332	347	-14,7	-4,2%
- þar af innbrot	130	107	147	131	15,7	11,9%
Eignaspjöll	100	190	246	170	76,0	44,7%
Nytjastuldur	29	48	34	35	-1,3	-3,8%
Kynferðisbrot	10	12	7	10	-2,7	-27,6%
Samtals	537	669	742	695	47,3	6,8%

Hlutfall eignaspjalla í Grafarvogi af heildarfjölda eignaspjalla á höfuðborgarsvæðinu jókst árið 2007 og er nú um 12 prósent (mynd 26). Rúm 10 prósent nytjastulda á höfuðborgarsvæðinu áttu sér stað í Grafarvogi árið 2007 en árið 2006 var hlutfallið rúm 13 prósent. Hlutfall kynferðisbrota sem áttu sér stað í Grafarvogi hefur minnkað verulega og er nú 4,5 prósent. Rúm átta prósent innbrota á höfuðborgarsvæðinu áttu sér stað í Grafarvogi sem er aukning frá árinu 2006.



Mynd 26. Hlutfall tilkynntra brota í Grafarvogi af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokk.

Seltjarnarnes

Við árslok 2007 bjuggu 4.446 einstaklingar á Seltjarnarnesi sem er 2,3 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu og fækkaði þeim um eitt prósent ef borið er saman við meðalfjölda íbúa á svæðinu á árunum 2004-2006 (tafla 31). Þar af voru tæplega 11 prósent á aldrinum 15-20 ára. Íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgaði um 13 prósent samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan og íbúum 71 árs og eldri fjölgaði um sjö prósent. Íbúum 14 ára og yngri fækkaði á sama tíma.

Seltjarnarnesbær veitti 31 einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagslega aðstoð árið 2007 sem er innan við eitt prósent af íbúafjölda bæjarins. Í 39 prósent tilvika höfðu íbúar lágar atvinnu- og lífeyristekjur, 35,5 prósent fengu aðstoð vegna veikinda, 10 prósent vegna atvinnuleysis og sama hlutfall vegna náms. Um 68 prósent þáðu aðstoð í þrjá mánuði eða skemur. Seltjarnarnesbær á u.þ.b. 13 félagslegar íbúðir og er það innan við eitt prósent af heildaríbúðarfjölda bæjarins en alls voru u.þ.b. 1.588 íbúðir í

bænum. Meðalatvinnutekjur íbúa á Seltjarnarnesi fyrir árið 2007 voru kr. 4.188.000 og er það með hæstu meðaltekjum á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 31. Fjöldi og hlutfall íbúa í Seltjarnarnesi greint eftir aldri.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	935	903	874	19,7	-61	-6,5
15-20 ára	459	462	473	10,6	14	3,1
- þar af 15-17 ára	245	246	232	5,2	-13	-5,4
- þar af 18-20 ára	213	216	241	5,4	28	13,0
21-30 ára	525	514	510	11,5	-15	-2,9
31-40 ára	521	525	526	11,8	5	0,9
41-50 ára	713	711	676	15,2	-37	-5,2
51-70 ára	999	1.000	1.018	22,9	19	1,9
71 árs eldri	345	356	369	8,3	24	7,1
Samtals	4.497	4.471	4.446	100,0	-51	-1,1


Árið 2007 eru skráð 106 brot á Seltjarnarnesi sem er tæplega 10 prósentu fækkun frá meðaltali árána 2004 til 2006. Þar vegur þyngst þriðjungs fækkun auðgunarbrota enda er það sá brotaflokkur sem er með hæstu tíðnina. Á sama tíma fjölgaði ofbeldis- og fíkniefnabrotum, en athuga ber að um fá brot er að ræða svo sveiflur geta verið töluverðar á milli ára.

Tafla 32. Fjöldi brota á Seltjarnarnesi og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal '04-'06	Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	6	8	11	6	5,0	
Fíkniefnabrot	3	8	8	4	3,7	
Auðgunarbrota	59	73	53	76	-22,7	-30,0%
- þar af innbrot	24	30	27	27	-0,3	-1,2%
Eignaspjöll	19	28	27	26	1,3	5,2%
Nytjastuldur	2	4	6	3	2,7	
Kynferðisbrot	1	4	1	2	-0,7	
Samtals	90	125	106	117	-10,7	-9,1%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Í kringum eitt prósent brota höfuðborgarsvæðisins á sér stað á Seltjarnarnesi og er um litlar breytingar að ræða, nema þegar kynferðisbrot eru skoðuð en hlutfall þeirra á Seltjarnarnesi lækkaði aftur eftir fjölgun ársins á undan (mynd 27).



Mynd 27. Hlutfall tilkynntra brota á Seltjarnarnesi af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Mosfellsbær – Kjalarnes – Kjós

Íbúar í Mosfellsbæ voru 8.166 í árslok 2007, af þeim voru um níu prósent á aldrinum 15-20 ára. Kjalarnes og Grundarhverfi liggja undir rótum Esju. Grundarhverfi er lítill þéttbýliskjarni, en bæir í hefðbundnum búskap sem tilheyra Kjalarnesi eru þar í kring. Þar bjuggu 906 manns í árslok 2007 og hafði fækkað nokkuð samanborið við árið á undan. Kjósinn er fámennasta sveitarfélag umdæmisins en þar voru 191 einstaklingar búsettir við árslok 2007 sem er lítilleg fjölgun frá árinu áður.

Íbúar í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós voru 9.263 árið 2007 sem gerir að þeir eru tæp fimm prósent af heildaríbúafjölda höfuðborgarsvæðisins (tafla 33). Það er fjölgun um rúm 12 prósentustig sem er næstmesta íbúafjölgun á höfuðborgarsvæðinu. Af íbúum Mosfellsbæjar, Kjalarness og Kjós voru níu prósent á aldrinum 15-20 ára. Þar af fjölgaði 15-17 ára íbúum um tæp 17 prósentustig en einnig fjölgaði nokkuð íbúum á aldrinum yfir 40 ára.

Tafla 33. Fjöldi og hlutfall íbúa í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós greint eftir alci

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	2.148	2.191	2.223	24,0	75	3,5
15-20 ára	741	776	835	9,0	94	12,7
- þar af 15-17 ára	401	435	468	5,1	67	16,8
- þar af 18-20 ára	340	341	367	4,0	27	7,9
21-30 ára	1.092	1.161	1.209	13,1	117	10,7
31-40 ára	1.317	1.391	1.506	16,3	189	14,3
41-50 ára	1.227	1.353	1.455	15,7	228	18,5
51-70 ára	1.477	1.598	1.742	18,8	265	18,0
71 árs eldri	244	259	293	3,2	49	20,2
Samtals	8.246	8.729	9.263	100,0	1.017	12,3

Alls fengu 53 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagslega aðstoð frá Mosfellsbæ eða Kjalarnesi en ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um fjárhagsaðstoð eða félagslegar íbúðir í Kjósinni. Upplýsingar um ástæður aðstoðar liggja ekki fyrir. Af þeim u.þ.b 2.918 íbúðum sem voru í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi í árslok 2007 voru 34 félagslegar íbúðir eða 1,2 prósent af íbúðarhúsnæði svæðisins. Meðalatvinnutekjur fyrir 2007 voru frekar lágar í Mosfellsbæ eða kr. 3.417.000 og sömuleiðis á Kjalarnesi og í Grundarhverfi eða 3.187.000, en tekjur voru aftur á móti hvergi hærri á höfuðborgarsvæðinu en í Kjósinni eða kr. 4.788.000.

Árið 2007 var fjöldi skráðra brota í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós 251 sem er tæplega 11 prósentustiga aukning samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan (tafla 34).


Tafla 34. Fjöldi brota í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal '04-'06	Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	8	20	20	11	8,7	76,5%
Fíkniefnabrot	17	30	17	18	-1,0	-5,6%
Auðgunarbrot	91	135	138	122	16,0	13,1%
- þar af innbrot	41	73	78	55	23,3	42,7%
Eignaspjöll	44	88	62	65	-2,7	-4,1%
Nytjastuldur	5	12	11	7	3,7	
Kynferðisbrot	1	4	3	3	0,0	
Samtals	166	289	251	226	24,7	10,9%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Fjölgun ofbeldis- og auðgunarbrota, ekki síst innbrota, er þar mest áberandi, en einnig fjölgaði nytjastuldum á tímabilinu. Á sama tíma voru fíkniefnabrot einu færri og engin breyting varð í fjölda kynferðisbrota.

Afbrot eru hlutfallslega fátíð í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós, en eins og sjá má á mynd 28 eiga um eitt til fjögur prósent brota höfuðborgarsvæðisins sér stað þar. Af þeim brotum sem hér er fjallað um er hlutfall innbrota hæst eða rúm 4 prósent og hefur það hækkað frá árinu á undan. Hlutfall annarra brotaflokka lækkar eða stendur í stað eftir hækkun árið á undan.



Mynd 28. Hlutfall tilkynnta brota í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Kópavogur

Kópavogur er fjölmennasta bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu, en íbúar í Kópavogi voru 28.665 við árslok 2007 sem er tæplega átta prósent fjölgun frá meðaltali síðustu þriggja ára á undan (tafla 35). Aldurshópurinn 15-20 ára var rúm átta prósent af heildaríbúafjölda og þar af fjölgaði 18-20 ára íbúum Kópavogs um 19 prósent á sama tímabili. Alls fengu 235 einstaklingar og fjölskyldur fjárhagsaðstoð frá Kópavogsbæ árið 2007 og er

það innan við eitt prósent af íbúum bæjarins. Ríflega helmingur eða 132 fjölskyldur fengu aðstoð vegna ónógra tekna. Önnur aðstoð dreifðist á sérúrræði í barnaverndarmálum, kostnað vegna Fjölsmiðjunnar, styrki vegna sérfræðiaðstoðar og styrki vegna námsaðstoðar til ungs fólks sem hefur átt við erfiðar félagslegar aðstæður að etja.

Í Kópavogi voru u.þ.b. 11.104 íbúðir í árslok 2007 og af þeim voru félagslegar íbúðir 333 eða um þrjú prósent. Íbúar Kópavogs lenda í efri kantinum hvað varðar meðalatvinnutekjur á höfuðborgarsvæðinu og voru þær kr. 3.814.000 fyrir árið 2007.

Tafla 35. Fjöldi og hlutfall íbúa í Kópavogi greint eftir aldri.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	5.975	6.090	6.277	21,9	302	5,0
15-20 ára	2.194	2.288	2.417	8,4	223	10,2
- þar af 15-17 ára	1.169	1.172	1.199	4,2	30	2,6
- þar af 18-20 ára	1.025	1.116	1.218	4,2	193	18,9
21-30 ára	3.632	3.761	4.040	14,1	408	11,2
31-40 ára	3.989	4.112	4.227	14,7	238	6,0
41-50 ára	3.788	3.929	4.099	14,3	311	8,2
51-70 ára	4.912	5.121	5.329	18,6	417	8,5
71 árs eldri	2.124	2.224	2.276	7,9	152	7,2
Samtals	26.613	27.525	28.665	100,0	2.052	7,7


Tafla 36 sýnir fjölda tilkynnta brota í tilteknum brotaflokkum í Kópavogi. Árið 2007 var fjöldi þessara brota 1.127 sem er 152 brotum (12 prósent) færri brot en meðalfjöldi tilkynnta brota á árunum 2004-2006.

Tafla 36. Fjöldi brota í Kópavogi og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	54	54	72	51	21,0	41,2%
Fíkniefnabrot	122	187	97	130	-32,7	-25,2%
Auðgunarbrot	671	681	694	808	-113,7	-14,1%
- þar af innbrot	201	210	226	235	-8,7	-3,7%
Eignaspjöll	213	224	212	237	-24,7	-10,4%
Nytjastuldur	21	49	40	41	-0,7	-1,6%
Kynferðisbrot	17	7	12	13	-1,3	-10,0%
Samtals	1.098	1.202	1.127	1.279	-152,0	-11,9%

Þar munar mest um fíkniefnabrot, sem fækkaði um fjórðung og ekki síður um auðgunarbrot sem fækkaði um 14 prósent eða um 114 brot á sama tíma. Engu að síður voru auðgunarbrot fleiri árið 2007 en 2006. Eins fækkaði í öllum öðrum brotaflokkum, nema ofbeldisbrotum sem fjölgaði um 41 prósentustig.

Mynd 29 sýnir að hlutfall auðgunarbrota í Kópavogi af heildarfjölda á höfuðborgarsvæðinu er rúm 16 prósent og eykst um 2,5 prósentustig frá árinu áður. Hlutfall fíkniefnabrota í Kópavogi af fjölda fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu lækkar verulega frá 2006.



Mynd 29. Hlutfall tilkynntra brota í Kópavogi af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Garðabær

Íbúar í Garðabæ voru 9.931 í árslok 2007 og hafði fjölgað um 6 prósent samanborið við meðalíbúafjölda árána 2004 til 2006 (tafla 37). Af þeim voru um 10 prósent á aldrinum 15-20 ára og hafði íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgað um rúm 16 prósent á sama tíma. Íbúum yfir 70 ára fjölgaði um 21 prósent. Árið 2007 fengu 33 einstaklingar eða fjölskyldur fjárhagsaðstoð

frá bænum sem er um 0,3 prósent íbúa bæjarins. Helstu ástæður aðstoðar voru atvinnuleysi og lágar atvinnu- og lífeyristekjur. Garðabær er með 25 félagslegar íbúðir á sinni könnu og er það um 0,7 prósent af heildarfjölda íbúðarhúsnæðis í Garðabæ en fjöldi íbúða þar var u.þ.b. 3.633 í árslok 2007. Íbúar Garðabæjar eru með töluvert háar meðalatvinnutekjur og lenda í öðru sæti á höfuðborgarsvæðinu hvað það varðar. Meðalatvinnutekjur þeirra fyrir 2007 voru kr. 4.495.000.

Tafla 37. Fjöldi og hlutfall íbúa í Garðabæ greint eftir aldri.

	Meðaltal		Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	2.046	2.053	2.082	21,0	36	1,7	
15-20 ára	897	933	966	9,7	69	7,7	
- þar af 15-17 ára	490	496	492	5,0	2	0,5	
- þar af 18-20 ára	408	437	474	4,8	66	16,3	
21-30 ára	1.041	1.071	1.094	11,0	53	5,1	
31-40 ára	1.204	1.188	1.253	12,6	49	4,1	
41-50 ára	1.469	1.486	1.513	15,2	44	3,0	
51-70 ára	2.026	2.113	2.213	22,3	187	9,2	
71 árs eldri	668	712	810	8,2	142	21,3	
Samtals	9.351	9.556	9.931	100,0	580	6,2	


Árið 2007 voru 228 brot tilkynnt í Garðabæ, sem er tæplega fimmtungsfækkun miðað við meðaltal árána 2004-2006 (tafla 38). Þyngst vegur þar meira en fjórðungs fækkun auðgunarbrot, en einnig varð veruleg fækkun (45%) á ofbeldisbrotum. Einungis varð fjölgun á nytjastuldum eða um 6 brot.

Tafla 38. Fjöldi brota í Garðabæ og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal '04-'06	Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	18	20	11	20	-9,0	-45,0%
Fíkniefnabrot	48	66	42	44	-2,0	-4,5%
Auðgunarbrot	120	161	113	153	-40,3	-26,3%
- þar af innbrot	45	69	44	59	-15,3	-25,8%
Eignaspjöll	57	55	44	53	-9,3	-17,5%
Nytjastuldur	6	16	15	9	6,3	73,1%
Kynferðisbrot	2	2	3	3	0,0	
Samtals	251	320	228	282	-54,3	-19,2%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Eins og fram kemur á mynd 30 á frekar lágt hlutfall tilkynntra brota sér stað í Garðabæ eða á bilinu eitt til þrjú prósent brota á höfuðborgarsvæðinu öllu. Eftirtektarverðast er að af heildarfjölda fíkniefnabrota, ofbeldisbrota, auðgunarbrota og innbrota á höfuðborgarsvæðinu lækkar hlutfall þeirra brota sem eiga sér stað í Garðabæ árið 2007 frá árinu áður.



Mynd 30. Hlutfall tilkynntra brota í Garðabæ af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Álftanes

Íbúar Álftaness voru 2.372 við árslok 2007 og hafði þeim fjölgað um rúm níu prósent ef borið er saman við meðalíbúafjölda árána 2004-2006. Af þeim voru rúm níu prósent á bilinu 15-20 ára og þar af hafði íbúum á aldrinum 18-20 ára fjölgað um 16 prósent, en íbúum eldri en 70 ára hafði fjölgað um fjórðung á sama tíma (tafla 39).

Ekki liggja fyrir tölur um fjölda einstaklinga eða fjölskyldna sem hafa fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu né heldur hver fjöldi félagslegra íbúða er. Fjöldi íbúða á Álftanesi var u.þ.b. 750 við árslok 2007.

Meðalatvinnutekjur íbúa á Álftanesi fyrir árið 2007 voru kr. 4.128.000 og skipar þeim ofarlega hvað það varðar á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 39. Fjöldi og hlutfall íbúa í Álftanesi greint eftir aldri.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	616	648	662	27,9	46	7,5
15-20 ára	214	220	224	9,4	10	4,7
- þar af 15-17 ára	116	109	110	4,6	-6	-5,2
- þar af 18-20 ára	98	111	114	4,8	16	16,3
21-30 ára	263	287	302	12,7	39	14,8
31-40 ára	345	357	363	15,3	18	5,1
41-50 ára	333	342	358	15,1	25	7,4
51-70 ára	349	371	400	16,9	51	14,5
71 árs eldri	50	51	63	2,7	13	25,2
Samtals	2.171	2.276	2.372	100,0	201	9,3

Tíðni brota á Álftanesi er með því lægsta sem þekkt á höfuðborgarsvæðinu (tafla 40). Einungis 31 brot er skráð árið 2007, þremur brotum umfram meðaltal síðustu þriggja ára á undan. Munar þar mest um aukinn fjölda eignaspjalla. Helstu breytingar á tíðni brota á þessu tímabili eru þær að eignaspjöll hafa tvöfaldast en fíkniefnabrotum og auðgunarbrotum fækkaði.


Tafla 40. Fjöldi brota á Álftanesi og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal	Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007	'04-'06	Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	6	2	4	3	0,7	
Fíkniefnabrot	8	6	3	5	-1,7	
Auðgunarbrot	10	9	6	11	-5,3	
- þar af innbrot	5	5	3	5	-2,3	
Eignaspjöll	9	7	16	8	7,7	92,0%
Nytjastuldur	1	0	1	0	0,7	
Kynferðisbrot	0	0	1	0	1,0	
Samtals	34	24	31	28	3,0	10,7%

Hlutfallstölur eru ekki sýndar í þeim tilvikum þar sem um færri en átta brot er að ræða.

Eins og fram kemur á mynd 31 á einungis lítill hluti brota á höfuðborgarsvæðinu sér stað á Álftanesi eða innan við eitt prósent. Af þeim brotum sem hér eru skoðuð eru eignaspjöll algengust en þar sem um

mjög fá brot er að ræða er varasamt að leggja of mikið vægi í breytingar milli ára.



Mynd 31. Hlutfall af heildarfjölda brota í viðkomandi brotaflokkum á höfuðborgarsvæðinu fyrir Álfanes árin 2005-2007.

Hafnarfjörður

Hafnarfjörður er annað stærsta bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar í Hafnarfirði voru 24.895 við árslok 2007 og hefur þeim fjölgað talsvert á undanförunum árum eða um rúmlega níu prósent samanborið við meðalfjölda íbúa á árunum 2004-2006 (tafla 41). Tæp 10 prósent íbúa var á aldrinum 15-20 ára og hafði þeim fjölgað um rúm 11 prósent, þar af 18-20 ára um tæp 18 prósent. Annars fjölgaði í öllum aldurshópum í Hafnarfirði á tímabilinu.

Árið 2007 fengu 226 einstaklingar fjárhagsaðstoð frá Hafnarfjarðarbæ en það er rétt innan við eitt prósent bæjarbúa. Ekki liggur fyrir hvaða ástæður eru þar að baki en um 57 prósent þeirra sem fengu aðstoð fengu hana í þrjá mánuði eða skemur. Af um það bil 8.644 íbúðum sem voru í Hafnarfirði árið 2007 voru 231 félagslegar íbúðir á vegum bæjarins eða 2,7 prósent af heildaríbúðafjölda bæjarins. Meðalatvinnutekjur Hafnfirðinga

fyrir árið 2007 voru kr. 3.590.000 sem er í lægri kantinum miðað við meðaltal á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 41. Fjöldi og hlutfall íbúa í Hafnarfirði greint eftir aldri.

	Meðaltal	Fjöldi		% af heild '07	Frávik frá '04-'06	
	'04-'06	2006	2007		2007	% 2007
14 ára og yngri	5.564	5.691	5.838	23,5	274	4,9
15-20 ára	2.140	2.268	2.384	9,6	244	11,4
- þar af 15-17 ára	1.159	1.203	1.230	4,9	71	6,1
- þar af 18-20 ára	981	1.065	1.154	4,6	173	17,6
21-30 ára	3.334	3.544	3.704	14,9	370	11,1
31-40 ára	3.392	3.504	3.759	15,1	367	10,8
41-50 ára	3.293	3.471	3.668	14,7	375	11,4
51-70 ára	3.611	3.821	4.031	16,2	420	11,6
71 árs eldri	1.415	1.452	1.511	6,1	96	6,8
Samtals	22.750	23.751	24.895	100,0	2.145	9,4


Árið 2007 var tilkynnt um 892 brot í Hafnarfirði sem er fjölgun um 76 brot eða rúmlega níu prósent samanborið við meðalfjölda brota á árunum 2004 til 2006 (tafla 42). Nokkuð áberandi fjölgun hefur átt sér stað á tímabilinu í nokkrum brotaflokkum og má þar nefna að eignaspjöllum fjölgaði um 75 eða 42 prósent, ofbeldisbrotum fjölgaði nánast um helming, nytjastuldir næstum því tvöfölduðust og kynferðisbrotum fjölgaði um rúman helming. Hinsvegar fækkaði fíkniefnabrotum um tæp 11 prósent og auðgunarbrotum um tæp átta prósent (tafla 42).

Tafla 42. Fjöldi brota í Hafnarfirði og breytingar þar á.

	Fjöldi			Meðaltal '04-'06	Frávik frá '04-'06	
	2005	2006	2007		Fjöldi	%
Ofbeldisbrot	32	58	77	52	25,3	49,0%
Fíkniefnabrot	128	164	122	137	-14,7	-10,7%
Auðgunarbrot	340	390	388	420	-32,0	-7,6%
- þar af innbrot	121	137	143	137	5,7	4,1%
Eignaspjöll	184	175	252	177	75,0	42,4%
Nytjastuldur	11	23	35	19	16,3	87,5%
Kynferðisbrot	13	14	18	12	6,3	54,3%
Samtals	708	824	892	816	76,3	9,4%

Mynd 32 sýnir hversu hátt hlutfall brota átti sér stað í Hafnarfirði af heildarfjölda brota á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall eignaspjalla er hæst allra brota í Hafnarfirði eða 12 prósent og jók verulega hlut sinn frá árinu

2006. Þá áttu 11,5 prósent allra kynferðisbrota á höfuðborgarsvæðinu sér stað í Hafnarfirði og hlutfall nytjastulda jókst mjög og var komið í 10,5 prósent árið 2007. Fíkniefnabrot voru eini brotaflokkurinn þar sem hlutfall af heildarfjölda lækkaði frá árinu 2006.




Mynd 32. Hlutfall tilkynntra brota í Hafnarfirði af heildarfjölda brota 2005-2007, greint eftir brotaflokki.

Reynsla íbúa höfuðborgarsvæðisins af lögreglu og afbrotum

Spurningalistakönnun var lögð fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins þar sem þeir voru spurðir út í viðhorf til lögreglu, ótta við afbrot og eigin reynslu af afbrotum. Hér er fjallað um niðurstöður könnunarinnar, annars vegar heildardreifingu svara með samanburði við sambærilega könnun frá síðasta ári og hins vegar greiningu á dreifingu svara út frá kyni, aldri og búsetu. Þó úrtak rannsóknarinnar hafi verið stórt þarf að túlka mun á svörum með fyrirvara í greiningunni, sérstaklega þegar fjallað er um mun á milli svæða þar sem um mörg svæði er að ræða. Tekið er sérstaklega fram ef munur er tölfræðilega marktækur, annars er ekki um marktækan mun að ræða.

Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi?

Spurt var um viðhorf til þess hvaða afbrot væri mesta vandamálið í því hverfi sem þátttakendur voru búsettir í. Mynd 33 sýnir að nokkrar breytingar hafa orðið á því hvaða afbrot fólk taldi vera mesta vandamálið í sínu hverfi og er marktækur munur á svörum milli kannana. Helstu breytingarnar eru þær að þeim sem nefndu umferðarlagabrot fjölgaði nokkuð milli ára en um rúm 30 prósent töldu þau mesta vandamálið árið 2008 samanborið við 25 prósent árið 2007. Rúm 17 prósent nefndu eignaspjöll sem er ívið færri en árið áður. Einnig vekur athygli að þeim sem töldu ofbeldisbrot vera mesta vandamálið fækkaði um tæp þrjú prósentustig. Innbrot voru þó sem fyrr talin mesta vandamálið en um þriðjungur svarenda nefndu þau sérstaklega.



Mynd 33. Hvaða brot telur þú mesta vandamálið í þínu hverfi?

Helsti munurinn á svörum karla og kvenna var sá að konur nefndu fremur innbrot en karlar nefndu frekar umferðarlagabrot sem mesta vandamálið (tafla 43). Þá nefndu fleiri karlar en konur þjófnaði á meðan fleiri konur en karlar nefndu fíkniefnabrot. Ekki er þó um marktækan mun að ræða á svörum kynjanna. Þegar viðhorf til þess hvaða afbrot voru talin mesta vandamálið er skoðað eftir aldri svarenda kemur fram marktækur munur á svörum milli hópa en áberandi hátt hlutfall þátttakenda á aldrinum 56 til 65 ára telur innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi.


Ríflega helmingur íbúa Kópavogs töldu umferðarlagabrot vera mesta vandamálið í þeirra hverfi og flestra íbúa Mosfellsbæjar, Kjalarness og Hafnarfjarðar var það brot efst í huga. Tæplega þriðjungur íbúa Grafarvogs töldu eignaspjöll vera mesta vandamálið í sínu hverfi en íbúar annarra hverfa eða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu nefndu oftast innbrot sem mesta vandamálið. Sérstaklega var áberandi hve innbrot voru ofarlega í huga íbúa Garðabæjar og Álftaness eða hjá tæplega 48 prósentum þátttakenda á þeim svæðum. Þetta er athyglisvert í ljósi lágrar tíðni innbrota í þessum sveitarfélögum. Marktækur munur er á svörum eftir því á hvaða svæði höfuðborgarinnar svarendur búa.

Tafla 43. Hvaða afbrot telur þú mesta vandamálið í þínu hverfi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.

	Fjöldi svara	Innbrot	Umferðarlagabrot	Eignaspjöll	Þjófnaður	Fíkniefna-neysla	Annað
Kyn							
Karlar	362	28,2%	33,4%	17,1%	6,9%	4,1%	10,2%
Konur	399	35,8%	27,6%	17,3%	4,0%	6,3%	9,0%
Aldur							
18-25	130	30,0%	30,8%	13,8%	6,2%	7,7%	11,5%
26-35	167	27,5%	29,3%	26,3%	3,6%	3,6%	9,6%
36-45	175	32,0%	35,4%	16,0%	6,3%	5,1%	5,1%
46-55	133	34,6%	30,1%	16,5%	6,0%	3,8%	9,0%
56-65	109	44,0%	22,0%	11,9%	2,8%	5,5%	13,8%
66-75	47	21,3%	34,0%	12,8%	10,6%	8,5%	12,8%
Hverfi							
Miðborg	66	25,8%	10,6%	24,2%	7,6%	9,1%	22,7%
Hlíðar	68	30,9%	27,9%	14,7%	8,8%	4,4%	13,2%
Vesturbær, Seltjarnarnes	42	38,1%	26,2%	28,6%	2,4%	0,0%	4,8%
Laugardalur, Háaleiti	111	31,5%	27,9%	23,4%	3,6%	4,5%	9,0%
Breiðholt	80	40,0%	15,0%	17,5%	6,3%	13,8%	7,5%
Árbær, Grafarholt	66	37,9%	34,8%	10,6%	4,5%	3,0%	9,1%
Grafarvogur	76	27,6%	25,0%	31,6%	5,3%	1,3%	9,2%
Kópavogur	104	29,8%	54,8%	5,8%	4,8%	3,8%	1,0%
Garðabær, Álftanes	48	47,9%	25,0%	4,2%	4,2%	6,3%	12,5%
Hafnarfjörður	84	21,4%	39,3%	14,3%	6,0%	6,0%	13,1%
Mosfellsbær, Kjalarnes	16	37,5%	43,8%	12,5%	6,3%	0,0%	0,0%

Viðhorf til starfa lögreglu og aðgengi að henni


Mynd 34 sýnir að mikill meirihluti þátttakenda telur lögreglu skila góðu starfi í sínu hverfi við að stemma stigu við afbrotum. Þannig sögðu tæplega 19 prósent þátttakenda lögreglu skila mjög góðu starfi sem er nokkuð minna hlutfall en í könnuninni frá 2007 en 68 prósent sögðu hana skila frekar góðu starfi sem er aukning milli ára. Marktækur munur er á svörum við þessari spurningu milli kannana. Þá sögðu tæplega tíu prósent þátttakenda lögreglu skila frekar slæmu starfi og rúmlega þrjú prósent mjög slæmu starfi. Alls sögðu því um 89 prósent þátttakenda lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi í sínu hverfi og einungis um 11 prósent töldu hana vera að skila frekar slæmu eða mjög slæmu starfi.




Mynd 34. Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu við að stemma stígu við afbrotum?

Marktækur munur er á viðhorfum karla og kvenna til starfa lögreglunnar en 91 prósent kvenna telur hana skila góðu starfi á móti 84 prósentum karla (tafla 44). Þeim sem finnst lögreglan skila mjög góðu starfi fjölgar hlutfallslega með hækkandi aldri og þá telur áberandi hátt hlutfall íbúa í Vesturbæ, Seltjarnarnesi, Kópavogi og Hafnarfirði lögreglu skila mjög góðu starfi, þó ekki sé um marktækan mun á milli hópa að ræða.

Tafla 44. Hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í hverfi þínu? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.







Mynd 35. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?

Pátttakendur voru spurðir að því hversu aðgengileg eða óaðgengileg þeim þætti lögreglan vera í þeirra hverfi eða byggðarlagi. Um 68 prósent svarenda sögðu lögregluna vera aðgengilega þar af tæpur fjórðungur mjög aðgengilega. Þriðjungur svarenda taldi lögreglu vera óaðgengilega í sínu hverfi (mynd 35). Ekki var marktækur munur á svörum karla og kvenna, og hvorki á svörum eftir aldri né búsetu, en þó virðist sem eldri svarendum finnist aðgengi að lögreglu betra en þeim sem yngri eru (tafla 45).

Tafla 45. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá upplýsingar, aðstoð eða fræðslu þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.




Einnig er athyglisvert að íbúar Hafnarfjarðar telja aðgengi sitt að lögreglu betra en nágrannar þeirra í Garðabæ og Álftanesi.



Mynd 36. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði?

Tafla 46. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi/byggðarlagi að jafnaði?




Þegar spurt var hversu oft þátttakendur sæju lögreglumann í sínu hverfi að jafnaði var dreifingin á svörum nokkuð jöfn. Flestir sögðust þó sjá lögregluna sjaldnar en mánaðarlega eða rúm 16 prósent (mynd 36).

Þegar litið er á svör eftir búsetu kemur fram að mun hærra hlutfall íbúa Miðborgarinnar segist sjá lögregluna oftari en einu sinni í viku en íbúar annarra hverfa. Íbúar Árbæjar og Grafarholts, Garðabæjar og Álftaness segjast hinsvegar sjá lögreglu sjaldnar en íbúar annarra hverfa (tafla 46).

Ótti við afbrot

Þegar þátttakendur voru spurðir um öryggi í eigin heimabyggð eða hverfi kom fram að yfirgnæfandi meirihluti taldi sig vera örugga eina á gangi að næturlagi, en einungis tíu prósent fundu fyrir óöryggi. Þetta eru mjög svipaðar niðurstöður og í fyrri könnun og er ekki um marktækan mun að ræða (mynd 37).




Mynd 37. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi þegar myrkur er skolið á?

Karlar finna fyrir mun meira öryggi á sínum heimaslóðum heldur en konur en einungis þrjú prósent þeirra sögðust finna fyrir óöryggi á móti 16 prósentum kvenna (tafla 47). Einnig má greina marktækan mun á svörum eftir aldri, en almennt finna yngri svarendur fyrir meira öryggi einir á gangi að næturlagi í sínu hverfi en hinir eldri.


Þegar svör eru greind eftir svæðum sést að meðal flestra íbúa höfuðborgarsvæðisins er marktækur munur eftir svæðum, þó að öryggis-tilfinningin sé almennt mjög mikil. Þannig kemur fram að íbúar Miðborgarinnar og íbúar Breiðholts finna fyrir áberandi meira óöryggi í

sínum hverfum en aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins þegar þeir eru einir á gangi að næturlagi. Hinsvegar finna íbúar hvergi fyrir eins miklu öryggi og í Mosfellsbæ og Hafnarfirði.

Tafla 47. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í þínu hverfi þegar myrkur er skolið á? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.



Tæplega 63 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins finna fyrir öryggi einir á gangi þegar myrkur er skolið á um helgar í miðborg Reykjavíkur og fer öryggistilfinningin marktækt þverrandi ef marka má samanburð við fyrri könnun (mynd 38).




Mynd 38. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar?

Rúmlega 37 prósent svarenda sögðust mjög eða frekar öruggir í miðborginni nú, en rúm 45 prósent sögðust öruggir þar í könnuninni frá 2007.


Karlar töldu sig vera mun öruggari en konur við fyrrgreindar aðstæður, en ríflega helmingur þeirra taldi sig mjög eða frekar öruggan á móti 22 prósentum kvenna (tafla 48). Yngri aldurshóparnir töldu sig mun öruggari en þeir eldri, rúmur helmingur svarenda á aldrinum 18 til 25 ára taldi sig vera frekar eða mjög örugga, en aftur á móti töldu 88 prósent svarenda á aldrinum 66 til 76 ára sig frekar eða mjög óörugga og enginn þeirra sagðist finna fyrir miklu öryggi. Nokkur munur er á því hversu mikið öryggi fólk upplifir í miðborginni eftir því í hvaða hverfi það býr. Íbúar í Mosfellsbæ og Kjalarnesi og íbúar Hafnarfjarðar upplifa sig óöruggari á gangi í miðborginni en íbúar annarra hverfa.

Tafla 48. Hversu örugg(ur)/óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú gengur ein/einn í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.



Þátttakendur voru spurðir hversu oft aðstæður hafi verið þannig hjá þeim á síðastliðnum 12 mánuðum að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti. Tæplega 68 prósent sögðust aldrei hafa talið líkur á því og önnur


28 prósent höfðu sjaldan talið líkur á því að verða fyrir afbroti (mynd 39). Í fyrri könnun var spurt „voru aðstæður einhvern tímann þannig hjá þér árið 2006 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi?“ og svarendum gefinn kostur á að svara játandi eða neitandi. Breytt orðalag spurningar gæti því hugsanlega skýrt að hluta þann mun sem er á svörum milli þessara tveggja kannana, en um 86 prósent svöruðu spurningunni neitandi í fyrri könnuninni. Af þeim sem svöruðu spurningunni játandi árið 2007 sögðust um 10 prósent sjaldan hafa verið í þannig aðstæðum að þeir teldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti hér á landi.




Mynd 39. Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2007 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi?

Ekki kom fram marktækur munur á svörum eftir kyni þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu einhvern tímann á árinu 2007 talið líklegt að verða fyrir afbroti, en þó virðast konur hafa ívið oftari talið sig í þannig aðstæðum heldur en karlar (tafla 49). Þeir sem voru yngri sögðust fremur en þeir sem eldri eru hafa talið líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti og er marktækur munur á milli aldurshópa. Ekki er marktækur munur á svörum eftir svæðum, en athygli vekur að íbúar Breiðholts eru meðal þeirra sem töldu minni líkur á því að verða einhvern tíma fyrir afbroti. Af þeim sem sögðust hafa einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum hafa talið líklegt að verða fyrir afbroti virðast íbúar Miðborgarinnar oftari upplifa sig í þannig aðstæðum en aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins og íbúar Árbæjar og Grafarholts aftur á móti sjaldnar (tafla 50).


Tafla 49. Þeir sem sögðu aðstæður einhvern tímann hafa verið þannig að þeir töldu líklegt að þeir yrðu fyrir afbroti, greindir eftir kyni, aldri og búsetu.



Tafla 50. Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2007 að þú taldir líklegt að þú yrðir fyrir afbroti hér á landi? Greint eftir kyni, aldri og búsetu.




Þeir sem sögðust einhvern tímann hafa verið í þeim aðstæðum að þeir teldu líklegt að þeir yðru fyrir afbroti, voru spurðir út í það hvaða afbroti þeir óttuðust mest að verða fyrir. Tæp 44 prósent þeirra sögðust hafa óttast mest að verða fyrir innbroti og tæp 35 prósent nefndu ofbeldisbrot (mynd 40). Mun færri nefndu önnur brot eins og þjófnaði og kynferðisbrot.



Mynd 40. Þegar þú óttaðist síðast að verða fyrir afbroti, hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir?

Konur voru ívið líklegri til að óttast innbrotin en karlar (tafla 51). Flestir í yngsta aldurshópnum óttuðust mest að verða fyrir ofbeldisbroti en innbrot voru aðal áhyggjuefni annarra aldurshópa.


Tafla 51. Hvaða afbroti óttaðist þú mest að verða fyrir?



Íbúar í Hlíðum, Vesturbæ og Seltjarnarnesi óttuðust mest að verða fyrir ofbeldisbroti en í Hafnarfirði var ótti íbúa við innbrot og ofbeldisbrot jafn mikill. Í öðrum hverfum var ótti við innbrot mestur.

Reynsla af afbrotum

Þátttakendur voru spurðir út í reynslu af innbroti/þjófnaði, ofbeldi, eignaskemmdum eða kynferðisbroti á síðustu 12 mánuðum áður en rannsóknin var framkvæmd. Nálægt fjórðungur þátttakenda hafði orðið fyrir einu eða fleirum af ofantöldum afbrotum á síðustu 12 mánuðum sem er sjö prósentustiga aukning frá síðustu könnun. Um 18 prósent höfðu orðið fyrir eignaskemmdum, rúmlega 10 prósent sögðust hafa orðið fyrir innbroti eða þjófnaði og tæp 4 prósent höfðu orðið fyrir ofbeldisbroti. Um tölfræðilega marktæka aukningu er að ræða í öllum flokkunum frá síðustu könnun. Þá sagðist innan við eitt prósent svarenda hafa orðið fyrir kynferðisbroti, en ekki var spurt um reynslu af þessari tegund brota í fyrri könnun (mynd 41).



Mynd 41. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum, innbroti eða þjófnaði eða ofbeldisbroti á síðustu 12 mánuðum áður en rannsóknin var framkvæmd.


Þegar reynsla af brotum er skoðuð eftir kyni kemur í ljós að ekki er mikill munur á reynslu karla og kvenna. Þó höfðu fleiri karlar en konur orðið fyrir eignaskemmdum og ívið færri konur en karlar orðið fyrir ofbeldisbrotum. Þegar reynsla af afbrotum er skoðuð eftir aldri kemur í ljós að yngri aldurshóparnir eru líklegri til að hafa orðið fyrir ofbeldisbroti en þeir sem eldri eru. Aftur á móti hefur elsti aldurshópurinn almennt minni

reynslu af afbrotum en aðrir aldurshópar. Nálægt 40 prósent íbúa miðborgarinnar sögðust hafa orðið fyrir eignaskemmdum á síðustu 12 mánuðum fyrir framkvæmd könnunarinnar eða mun fleiri en á öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Athygli vekur hve hátt hlutfall íbúa Mosfellsbæjar og Kjalarness sögðust hafa orðið fyrir afbrotum af einu eða öðru tagi (tafla 52).

Tafla 52. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir eignaskemmdum, innbroti eða þjófnaði eða ofbeldisbroti á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina. Greint eftir kyni, aldri og búsetu.


	Eignaskemmdum	Innbroti eða þjófnaði	Ofbeldisbrot
Kyn			
Karlar	21,6%	10,5%	4,5%
Konur	15,3%	10,3%	3,3%
Aldur			
18-25	20,8%	14,1%	12,0%
26-35	19,0%	8,5%	3,2%
36-45	22,3%	16,3%	2,4%
46-55	14,8%	8,9%	2,0%
56-65	15,1%	5,2%	1,2%
66-75	12,9%	4,7%	1,2%
Hverfi			
Miðborg	39,5%	16,0%	6,2%
Hlíðar	17,7%	12,6%	5,2%
Vesturbær, Seltjarnarnes	17,9%	9,0%	1,5%
Laugardalur, Háaleiti	25,3%	9,7%	3,2%
Breiðholt	19,5%	15,4%	3,3%
Árbær, Grafarholt	9,8%	5,4%	2,7%
Grafarvogur	12,7%	8,8%	4,0%
Kópavogur	13,7%	7,7%	2,2%
Garðabær, Álftanes	15,2%	9,0%	7,5%
Hafnarfjörður	13,6%	10,0%	4,3%
Mosfellsbær, Kjalarnes	31,8%	22,7%	9,1%

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hafi tilkynnt þau brot sem þeir urðu fyrir sögðust flestir hafa tilkynnt innbrotið eða þjófnaðinn eða tæplega 59 prósent þátttakenda, tæp 39 prósent sögðu að þeir hefðu tilkynnt ofbeldisbrotið og 34 prósent eignaspjöllin. Þetta er í öllum tilvikum lægra hlutfall tilkynntra brota en kom fram í fyrri könnun (mynd 42).



Mynd 42. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir innbroti eða þjófnaði, eignaspjöllum eða ofbeldi á síðustu 12 mánuðum fyrir rannsóknina og tilkynntu það til lögreglunnar.


Spurt var hvort þátttakendur hefðu haft samskipti við lögreglu af öðrum ástæðum á síðustu 12 mánuðum. Fram kom að auk þeirra sem urðu fyrir áðurnefndum afbrotum og tilkynntu þau til lögreglu höfðu 338 þátttakendur eða tæplega þriðjungur samskipti við lögregluna af öðrum ástæðum, þannig að samanlagt sögðust því rúm 36 prósent hafa haft samskipti við lögreglu á 12 mánaða tímabili af einhverjum ástæðum.



Mynd 43. Hlutfall þeirra sem áttu samskipti við lögreglu á síðustu 12 mánuðum greint eftir ástæðu samskiptanna.

Mynd 43 sýnir helstu ástæður annarra samskipta við lögreglu en tilkynning þeirra brota sem fjallað hefur verið um. Tæplega 22 prósent samskipta þátttakenda við lögreglu voru vegna umferðarlagabrota bæði sem hlutaðeigandi aðilar og vitni. Rúm 14 prósent sagðist hafa átt samskipti við lögreglu vegna aðstoðar við borgara og jafn mikill fjöldi svarenda sagðist hafa átt samskipti vegna hávaða eða drykkjuláta, en tæp 14 prósent vegna umferðarslyss.


Peir þátttakendur sem höfðu haft samskipti við lögregluna voru spurðir um hversu ánægðir þeir væru með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið. Meirihluti svarenda sagðist vera ánægður með þjónustuna, þar af rúm 38 prósent mjög ánægð og um þriðjungur frekar ánægður. Tæp 12 prósent þátttakenda voru mjög óánægðir og rúm 17 prósent frekar óánægðir með þjónustu lögreglunnar (mynd 44).



Mynd 44. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári?


Ekki er marktækur munur á svörum kynjanna, en þegar svör eru skoðuð eftir aldri kemur fram að minnst ánægja er með þjónustu lögreglunnar hjá yngsta aldurshópnum, rétt ríflega helmingur þeirra sagðist ánægður. Ekki er marktækur munur milli svæða en þó má sjá að íbúar Miðborgar, Vesturbæjar og Grafarvogs eru meðal þeirra sem eru ánægðastir með þá þjónustu sem þeir hafa fengið hjá lögreglunni (tafla 53).

Tafla 53. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þá þjónustu sem þú fékkst hjá lögreglu vegna samskipta við hana á síðasta ári?



Samanburður milli svæða


Hér eru upplýsingar frá lögreglu um fjölda afbrota bornar saman á milli svæða að teknu tilliti til íbúafjölda. Kaflanum er skipt upp eftir þeim brotategundum sem skoðaðar eru í þessari skýrslu að undanskildum kynferðisbrotum sem hafa minni skírskotun til skiptingar eftir svæðum. Miðborgin er almennt algengasti vettvangur afbrota (mynd 45).



Mynd 45. Fjöldi brota (ofbeldis-, kynferðis-, fíkniefna- og auðgunarbrot, eignaspjalla og nytjastulda) á hverja 10.000 íbúa 2005-2007, greint eftir svæðum.

Ofbeldisbrot


Mynd 46 sýnir dreifingu ofbeldisbrota eftir svæðum. Fram kemur að langflest brotanna áttu sér stað í Miðborginni eða um 400 brot á hverja 10.000 íbúa árið 2007. Jafn mörg ofbeldisbrot eiga sér stað á hverja 10.000 íbúa í Miðborginni og á öllum öðrum svæðum á höfuðborgarsvæðinu til samans. Á öðrum svæðum voru tilkynnt á bilinu eitt til fimm ofbeldisbrot á hverja 10.000 íbúa árið 2007.



Mynd 46. Fjöldi ofbeldisbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2005 til 2007, greint eftir svæðum.

Ofbeldisbrot miðað við 10.000 íbúa voru fæst í Garðabæ og fækkaði þeim árið 2007 ef litið er til síðustu tveggja ára á undan. Aftur á móti fjölgaði þeim hlutfallslega í Laugardal, Háaleiti, Breiðholti, Árbæ, Hafnarfirði, Kópavogi og Seltjarnarnesi á sama tíma.


Eins og fram kemur í mynd 46 er fjöldi ofbeldisbrota í Miðborg ekki í neinum tengslum við íbúafjölda þar, heldur mun hærri en á öðrum svæðum. Til að skoða tengsl íbúafjölda við tíðni ofbeldisbrota þarf því að taka Miðborgina út (mynd 47) og kemur þá í ljós að í öðrum svæðum höfuðborgarinnar eru sterk tengsl þarna á milli. Tíðni ofbeldisbrota er hærri í Breiðholti, Laugardal, Háaleiti og Hlíðum en við mætti búast miðað við íbúafjölda. Hins vegar er tíðni þessara brota lægri en við mætti búast ef miðað er við íbúafjölda í Kópavogi og Garðabæ.



Mynd 47. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu ofbeldisbrota árið 2007 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.


Fíkniefnabrot

Líkt og með ofbeldisbrotin koma lang flest þeirra fíkniefnabrota sem skráð eru hjá lögreglu upp í Miðborg eða 450 á hverja 10.000 íbúa árið 2007. Þar á eftir koma Hlíðar og Háaleiti með í kringum 90 fíkniefnabrot á hverja 10.000 íbúa árið 2007. Fjöldi skráðra fíkniefnabrota miðað við íbúafjölda hefur aukist á öllum þessum svæðum ef litið er til áraanna á undan.



Mynd 48. Fjöldi fíkniefnabrota á hverja 10.000 íbúa árin 2005 til 2007, greint eftir svæðum.


Í Breiðholti og Laugardal voru skráð um 60 fíkniefnabrot á hverja 10.000 íbúa sem er fækkun frá síðustu tveimur árum á undan. Færri en 50 brot voru skráð á hverja 10.000 íbúa á öðrum svæðum árið 2007, en fæst voru fíkniefnabrotin í Grafarholti eða innan við 10 brot á hverja 10.000 íbúa (mynd 48). Ekki eru tengsl á milli fíkniefnabrota og íbúafjölda þegar Miðborgin er tekin með, en ef hún er tekin út kemur í ljós að tengsl eru þarna á milli í öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins. Þegar tekið er tillit til íbúafjölda eru fíkniefnabrot tíðari í Breiðholti, Háaleiti og Hlíðum en á öðrum svæðum. Hins vegar eru þau færri t.d. í Kópavogi, Árbæ og Mosfellsbæ ef tekið er tillit til íbúafjölda og hefur orðið mikil breyting á þessu í Kópavogi frá síðasta ári þegar fjöldi brota var mun meiri (mynd 49).



Mynd 49. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu fíkniefnabrota árið 2007 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.

Innbrot


Mynd 50 sýnir fjölda innbrota á hverja 10.000 íbúa eftir svæðum Reykjavíkur og nágrennis. Fram kemur að dreifingin er jafnari en þegar ofbeldis- og fíkniefnabrot eru skoðuð. Þó eiga flest innbrot sér stað í Miðborginni þegar tekið er tillit til íbúafjölda, eða um 300 á hverja 10.000 íbúa. Þar á eftir kemur Laugardalur með 158 og Árbær með 123 skráð innbrot.



Mynd 50. Fjöldi innbrota á hverja 10.000 íbúa árin 2005 til 2007, greint eftir svæðum.

Sjá má að innbrotum fækkar verulega í hlutfalli við íbúafjölda í Miðborginni árið 2007 samanborið við fyrra ár og að sama skapi er eftirtektarverð fækkun innbrota í Breiðholti og Garðabæ miðað við íbúafjölda.


Mynd 51 sýnir tengsl innbrota og íbúafjölda eftir svæðum. Sem fyrr sker Miðborgin sig það mikið úr að hún er ekki höfð með hér. Þegar önnur hverfi borgarinnar eru skoðuð vekur athygli að innbrot í Laugardal eru óvenju mörg ef miðað er við íbúafjölda. Hins vegar eru innbrot hvergi færri en í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi að teknu tilliti til íbúafjölda.



Mynd 51. Aðhvarfsgreining á dreifingu innbrota árið 2007 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.

Eignaspjöll


Á mynd 52 sést hvernig eignaspjöll dreifast eftir svæðum ef miðað er við íbúafjölda. Fram kemur að árið 2007 áttu sér stað í Miðborginni fleiri eignaspjöll á hverja 10.000 íbúa en á öðrum svæðum höfuðborgarinnar eða 415 skráð brot. Er þó um að ræða verulega fækkun eignaspjalla þar miðað við íbúafjölda, samanborið við árið á undan.



Mynd 52. Fjöldi eignaspjalla á hverja 10.000 íbúa árin 2005 til 2007, greint eftir svæðum.

Á eftir Miðborginni koma Grafarvogur og Laugardalur með á bilinu 120 til 140 tilkynnt brot á hverja 10.000 íbúa. Nokkuð dró úr fjölda eignaspjalla miðað við íbúafjölda í Árbæ, Breiðholti og á fleiri svæðum en helst mátti greina aukningu á þessum brotum í Hafnarfirði, Grafarvogi og á Álftanesi frá fyrra ári.


Þegar tekið er tillit til íbúafjölda í dreifingu eignaspjalla kemur í ljós að nokkuð sterk tengsl eru á milli íbúafjölda og fjölda eignaspjalla á svæðum höfuðborgarsvæðisins eftir að Miðborg hefur verið tekin út. Færri eignaspjöll miðað við íbúafjölda áttu sér stað í Kópavogi og í Garðabæ en annars staðar og fleiri brot áttu sér stað í Grafarvogi og Laugardal miðað við íbúafjölda en gengur og gerist (mynd 53).



Mynd 53. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu eignaspjalla árið 2007 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.


Nytjastuldur

Mynd 54 sýnir fjölda nytjastulda á hverja 10.000 íbúa eftir svæðum. Þó dreifingin sé jafnari en í mörgum öðrum brotaflokkum kemur fram að árið 2007 áttu fleiri nytjastuldir sér stað í Miðborginni á hverja 10.000 íbúa en á öðrum svæðum, eða 45. Það er þó mikil fækkun brota frá árinu áður miðað við íbúafjölda á þessu svæði.



Mynd 54. Fjöldi nytjastulda á hverja 10.000 íbúa árin 2005 til 2007, greint eftir svæðum.

Í Hlíðum og í Laugardal voru skráðir tæplega 30 nytjastuldir á hverja 10.000 íbúa. Færri nytjastuldir voru skráðir á Álftanesi heldur en nokkru öðru svæði miðað við íbúafjölda árið 2007 eða fjórir (mynd 54).



Mynd 55. Einföld aðhvarfsgreining á dreifingu nytjastulda árið 2007 eftir fjölda íbúa í hverju hverfi fyrir sig.

Mynd 55 sýnir dreifingu nytjastulda eftir svæðum þegar tekið hefur verið tillit til íbúafjölda. Fram kemur að sterk tengsl eru milli fjölda nytjastulda og íbúafjölda, en tengslin eru veikari ef Miðborg er höfð með og því er hún tekin út. Laugardalur og Hlíðar skera sig nokkuð frá öðrum svæðum hvað varðar háa tíðni nytjastulda að teknu tilliti til íbúafjölda. Aftur á móti er tíðnin lægri í Háaleiti miðað við íbúafjölda en þekkist á öðrum svæðum.

Samantekt

Þegar tekin eru saman þau afbrot sem eru til umfjöllunar í þessari skýrslu kemur fram að árið 2007 fækkar afbrotum ef litið er til meðalfjölda brota á árunum 2004-2006. Fækkunina má þó aðallega rekja til færri auðgunarbrota, en þegar árið 2007 er borið saman við árið 2006 eingöngu sést að brotum fækkar í fleiri brotaflokkum. Tíðustu brotin eru einmitt auðgunarbrot, aðallega þjófnaðir og innbrot, og því er ánægjulegt að sjá þann árangur sem hefur náðst í fækkun þessara brota. Lítilleg aukning varð á eignaspjöllum, mest megnis rúðubrotum og veggjakroti.

Helsta áhyggjuefnið sem tölur þessarar skýrslu bera með sér er fjölgun ofbeldisbrota og kynferðisbrota árið 2007 í samanburði við síðustu þrjú ár á undan. Í báðum brotaflokkum er um verulega aukningu að ræða. Varðandi ofbeldisbrotin ber þó að hafa það í huga að þegar til lengri tíma er litið þá er fjölgun brota óveruleg, einkum ef tekið er tillit til íbúafjölda. Þá má rekja fjölgun brota milli ára til fleiri minniháttar líkamsárása en á sama tíma fækkar alvarlegum brotum.

Varðandi fjölgun tilkynninga um kynferðisbrot ber að hafa það í huga að árið 2007 tóku lög um kynferðisbrot breytingum meðal annars á þann hátt að samræðisaldurinn hækkaður í 15 ár. Fjölgun kynferðisbrota er án efa hægt að skýra að nokkru leyti með þessu og e.t.v. aukinni umræðu og breytingu á vitund í samfélaginu um þessi brot.

Fjöldi fíkniefnabrota á höfuðborgarsvæðinu jókst árið 2007 þegar litið er til meðaltals áranna 2004 til 2006. Hinsvegar ef einungis er borið saman við árið 2006 þá fækkaði fíkniefnabrotum. Upplýsingar um fíkniefnabrot byggja að miklu leyti á frumkvæðisvinnu lögreglu, þ.e. þeim málum sem lögregla kemur að og endurspeglar tölurnar því ekki stærð vandans í samfélaginu.

Miðborgin er sá vettvangur sem er í raun skýrasta birtingarmynd þeirra brota sem hér eru til umfjöllunar, en þar á hæst hlutfall allra þessara brota sér stað og það sem meira er, flest þeirra á tiltölulega stuttu tímabili eða að næturlagi um helgar. Það er einfaldlega staðreynd að skemmtanalífið í Miðborginni um helgar er einn helsti vettvangur brota á borð við ofbeldi, fíkniefni, eignaspjöll og fleira.

Þegar tekin eru saman þau brot sem sjónum er beint að í þessari skýrslu sést að Miðborgin sker sig úr hvað varðar fjölda brota árið 2007 með yfir

2.200 brot á hverja 10.000 íbúa. Það eru þó færri brot en voru skráð árið áður. Það ætti ekki að koma á óvart að tæp 63 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins telja sig almennt fremur óörugga í Miðborginni að næurlagi um helgar í ljósi þessara staðreynda, eins og kom fram í niðurstöðum spurningakönnunarinnar sem kynnt er í þessari skýrslu. Umfjöllun um afbrotamál helgarinnar í Miðborginni skipa núorðið fastan sess í fjölmiðlum og viðheldur jafnvel óöryggi þeirra sem hafa þangað lítið að sækja. Hinsvegar eru um 90 prósent íbúa mjög öruggir í eigin hverfi eftir að myrkur skellur á.

Hverfi eins og Laugardalur, Hlíðar og Háaleiti liggja næst Miðborginni og skipa sér í næstu sæti hvað varðar fjölda brota, að Vesturbæ undanskildum sem er fremur neðarlega á listanum. Álftanesið er það svæði sem er með færri brot á hverja 10.000 íbúa en nokkuð annað svæði höfuðborgar og nágrennis. Jákvætt er að sjá hvernig hlutfallið lækkar milli ára á svæðum eins og Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti, Breiðholti, Vesturbæ og Garðabæ. Aftur á móti ber að gefa gaum að vaxandi tíðni afbrota í Hlíðum, Háaleiti og Grafarvogi.

Athygli vekur að í Miðborginni eiga sér stað jafn mörg ofbeldisbrot og á öllum öðrum svæðum höfuðborgarsvæðisins til samans eða um 40 á hverja 10.000 íbúa. Sama á við um fíkniefnabrot en þó að þau séu afsprengi frumkvæðisvinnu lögreglu haldast þau í hendur við þær aðstæður sem skapast í Miðborginni um helgar.

Innbrot eru einnig tíðust í Miðborginni eða 30 á hverja 10.000 íbúa. Þau eru hinsvegar mun fátíðari á svæðum eins og Seltjarnarnesi, Hafnarfirði, Grafarholti, Garðabæ og Álftanesi, en íbúar síðastnefndu nágrennasveitarfélaganna tveggja töldu líkt og íbúar flestra annarra svæða innbrot vera mesta vandamálið í sínum hverfum í niðurstöðum spurningakönnunarinnar. Þetta er athyglivert og gefur til kynna að í smáum og samofnum samfélögum kann umræða um tiltölulega fá brot hugsanlega að magna upp áhyggjur fólks af þeim.

Markmið lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er að fækka afbrotum á ári hverju og auka um leið öryggistilfinningu íbúa svæðisins. Skýrslan sýnir að árangur hefur náðst að mörgu leyti en þó eru tækifæri til úrbóta á ýmsum sviðum. Með tölfræðiupplýsingum sem þessum er kappkostað að greiða fyrir stefnumörkun og markvissu löggæslustarfi á höfuðborgarsvæðinu, en um leið að skapa mælistiku til að meta stöðu mála og þróun ár frá ári.

Heimildir

Hagstofa Íslands (2008). Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2008. Sótt af <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi>.


Margrét Valdimarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir (2008). Mælingar á afbrotum unglunga. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 305-316). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Rannveig Þórisdóttir (2003). Perception of safety and crime in the neighbourhood. Skýrsla frá 45. ráðstefnu NSfK í Helsinki 2003. Helsinki: Norræna sakfræðiráðið.

Shaw, C.R. og McKay, H.D. (1942). *Juvenile Delinquency and Urban Areas*. Chicago: University of Chicago Press.

Viðauki


Hér eru teknar saman upplýsingar um efnahagsstöðu í hverfum/svæðum. Samkvæmt ýmsum rannsóknum hefur efnahagsleg staða hverfa áhrif á tíðni afbrota, þ.e. eftir því sem efnahagsstaða hverfis er lakari því líklegra er að tíðni afbrota og frávikshægðunar sé hærrí. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um ýmsa þætti sem gefa vísendingar um efnahagsstöðu hverfis, þó ekki sé um algildan mælikvarða að ræða.




Mynd v1. Meðalatvinnutekjur í þúsundum króna greint eftir svæðum árið 2007.

Á myndum v1 til v3 sést að árið 2007 eru Miðborgin og Breiðholt þau hverfi sem höfðu hvað lægstar meðalatvinnutekjur, voru með hæst hlutfall íbúa sem fengu fjárhagslega aðstoð og hæst hlutfall félagslegra íbúða. Ef skoðuð er síðan tíðni þeirra afbrota sem hér hafa verið til umfjöllunar

kemur í ljós að um þriðjungur allra afbrota á höfuðborgarsvæðinu er framinn á þessum tveimur svæðum.



Mynd v2. Hlutfall íbúa sem fengu fjárhagslega aðstoð frá félagsþjónustu, greint eftir svæðum árið 2007.



Mynd v3. Hlutfall félagslegra íbúða greint eftir svæðum árið 2007.

Svæðisstöðvar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Miðborg, Hlíðar, Háaleiti og
Laugardalur
Hverfisgötu 113 -115
105 Reykjavík

Breiðholt, Árbær, Grafarholt og
Norðlingaholt
Álfabakka 12
109 Reykjavík

Hafnarfjörður og Álftanes
Flatahrauni 11
220 Hafnarfirði

Grafarvogur
Langarima 21
112 Reykjavík

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Mosfellsbær og Kjalarnes
Völuteigi 8
270 Mosfellsbæ

Kópavogur
Dalvegi 18
201 Kópavogi

Seltjarnarnes og Vesturbær
Eiðistorgi 17
170 Seltjarnarnesi

2008

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu • Hverfisgötu 113-115 • 150 Reykjavík
Sími: 444 1000 • Fax: 444 1015 • www.lrh.is